

# SIRKUS<sup>RVK</sup>

9. DESEMBER 2005 | 25. VÍKA

# 10

BEST  
OG VERST  
KLÆDDU KARLMENN ÍSLANDS

**DÓTTIR**  
HALLGRÍMS HELGA GEFUR  
ÚT SÍNA FYRSTU BÓK

## BLÓÐHEITIR HOMMAR

BARBIE-HOMMINN SKJÖLDUR  
OG HARÐJAXLINN MAGNÚS  
JÓHANN ERU HEITASTA  
HOMMAPAR ÍSLANDS

**BIRGITTA JÓNS**  
PABBI FYRIRFÓR SÉR Á AÐFANGADAG



KR. 300

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

Ný kvensnið / verð frá 9.990.-



Levi's Laugavegi  
Levi's Smáralind

# Tær snilld!

**Smoothie skyrdrykkurinn**  
hlaut **gullverðlaun** og að auki sérstök  
**heiðursverðlaun**  
á mjólkurvörusýningu í Herning í Danmörku.

Ekki nóg með það, heldur einnig tilnefndur til  
**Skandinavísku mjólkurverðlaunanna.**

- 20g prótein ▷
- Viðbætt mysuprótein ▷
- Náttúrulegar trefjar ▷
- Náttúruleg hráefni ▷




- ◁ Engin fita
- ◁ Fár hitaeiningar
- ◁ Engin sætuefni
- ◁ Engin aukaefni

Einn Smoothie skyrdrykkur inniheldur  
jafnmikið magn af hágæðapróteini og er  
í lítilli skyrdós.

KEA-skyr Smoothie byggir í grunninn á hreinu KEA-skyri sem eitt og sér er ríkt af hágæða próteinum. Til að styrkja enn hollustu drykksins er bætt í hann, við vinnslu, hreinum mysu-próteinum (Whey Protein) sem unnin eru úr mjólk.  
Til að tryggja enn frekar hollustu drykksins inniheldur hann 1% vatnsleysanlegar trefjar (inulin).  
KEA-skyr Smoothie inniheldur mjög litla fitu, aðeins 0,2%, en sú fita sem í drykknum finnst er mikilvæg vegna fjölbreytileika lífsnauðsynlegra fitusýra.  
KEA-skyr Smoothie inniheldur fáar hitaeiningar þrátt fyrir að sneytt er hjá notkun allra sætuefna, en það er gert til að tryggja að öll hráefni séu náttúruleg.  
Drykkurinn inniheldur þannig einungis frá 81 til 85 hitaeiningar (kcal pr 100 g) þrátt fyrir hátt næringargildi.

# AYGO



## Settu AYGO á dagskrána þína...

- Komdu við í AYGO hjólhýsinu og heilsaðu upp á okkur
- Fylgstu með AYGO tónleikaröðinni
- Reynsluaktu AYGO og þú færð óvæntan glaðning að launum

Farðu á [www.aygo.is](http://www.aygo.is) og kynntu þér AYGO hjólhýsið, reynsluaksturinn og spennandi tónleikadagskrá næstu vikunnar.



ÞAÐ ER EKKI Á HVERJUM DEGI SEM BANG GANG HALDA TÓNLEIKA HÉR Á FRÓNI EN NÆSTKOMANDI LAUGARDAGSKVÖLD MUNU 70 HEPPNIR EINSTAKLINGAR BERJA BANG GANG AUGUM ÁSAMT HLJÓMSVEITINNI WORM IS GREEN Í STÚDENTAKJALLARANUM.

# BANG GANG OG WORM IS GREEN Í STÚDENTAKJALLARANUM

BARÐI VERÐUR MEÐ ALLT Á HREINU Í KJALLARANUM.

É gætla að spila svipað efni og á Airwaves en líka eitt-hvað nýtt," segir Barði Jóhannsson í Bang Gang en hljómssveitin mun halda tónleika í Stúdentakjallaranum á laugardagskvöldið.

„Það er gaman að spila hérna á Íslandi. Við spilum ekki nema svona tvisvar sinnum á ári sem er líka alveg nóg.“ Þetta verða síðustu tónleikar Bang Gang á þessu ári. Fólk sem hékk í röðinni fyrir utan Nasa á Airwaves í þeirri von um að sjá Bang Gang en missti af, hefur nú tækifæri á því að næla sér í einn af þeim sjöttu miðum sem eru í boði, það er að segja ef það er ekki nú þegar uppselt. Ásamt Bang Gang verður hljómssveitin Worm Is Green að spila í Stúdentakjallaranum. „Ég því miður missti af þeim á Airwaves-tónleikum þar sem ég var baksvíðs þegar þau voru að spila. En ég hef heyrt mjög góða hluti af þeim. Þetta verður skemmtilegt.“ Það er alveg meira en nóg að gera hjá Barða þessa dagana þar sem hann er að vinna sem pródúsent. „Það er nóg að gera hjá mér, enda er ég alltaf á einhverjum flækingsi. Það er hins vegar fínt að halda tónleika sjaldan og gera það þá

vel. Annað hvort spilar maður á stórum stöðum eða á pínkulitlum sem er ansi hressandi," segir Barði. Sirkus hafði líka samband við rekstraraðila Stúdentakjallarans og lofa þau hörkugöðu kvöldi. „Við erum mjög ánægð að Bang Gang eru að spila hérna hjá okkur á svona „exclusive“ tónleikum og það verður vonandi hörkugöð

stemmning," segir Gunnhildur, einn af rekstrarstjórum Stúdentakjallarans. Eins og fyrr sagði eru einungis 70 miðar í boði og þegar blaðið fór í prentun voru ennþá einhverjir miðar eftir. Núna er bara málið að hypja sig upp í Kjallaran og reyna að næla sér í miða eða standa fyrir utan og leggja við hlustir.



WORM IS GREEN

## SÖNGKONAN FUNDIN



Eins og Sirkus RKV greindi frá fyrir skemmstu er Daniel Þorsteinsson, betur þekktur sem Danni í Maus, búinn að stofna nýja hljómssveit ásamt DJ Dice og ber hún heitið Sometime. Á þeim tíma vildi Daniel ekki segja hver söngkona sveitarinnar yrði en núna er það komið í ljós. Hún heitir Rósa Birgitta Ísfeld, betur þekkt sem DJ de la Rósa. „Þetta leggst bara virkilega vel í mig, ég er einmitt að fara á æfingu núna," segir Rósa sjálf.

„Við erum meira að segja með bókaða tónleika á Sirkus þann 21. desember þannig að það verður ekki aftur snúið.“ Rósa er ekki nýgræðingur í söng því hún hefur ljáð hljómssveitum eins og Trabant og rapparanum Mezzias rödd sína. „Ég tek fullan þátt í að semja með strákunum og myndar þetta allt saman skemmtilega heild.“ Danni hefur lýst tónlistinni sem „emó rokk stöffi“ sem verður „the next biggest shit“.

12. SEPTEMBER

ÞAÐ SEM VIRKAR ENNÞÁ



### SNEMMBÚIN JÓLAKAUP

Það er ekkert meira ömurlegt en að vera á seinustu stundu með jólagjafakaupin. Það vill enginn fá pakka sem er keyptur í flýti á Þorláksmessufyllirí. Búðir hafa opið lengur í desember og auðvitað um að gera að nýta sér það til fullnustu.



### HÆTTIÐ!

Mótmælum náttúruspjöllum á Íslandi. Loksins tekur tónlistarfólk sig saman fyrir góðan málstað og lætur í sér heyra. Hættid! tónleikarnir verða haldnir þann 7. janúar og er löngu uppselt. Það er ekki skrytið miðað við þann fjölda stórnfna sem munu koma fram. Þar á meðal eru Björk, Damon Albarn, Sigur Rós, Damien Rice, Ham og fleiri. Allir sem koma að tónleikum gefa vinnuna sína.



### JÓLASERÍUR

Nú eru myrkustu tímar ársins á Íslandi og það getur verið hrikalega þunglyndislegt að fara heim og að heiman í svartasta myrkri. Þá er um að gera að skreyta allt heimilið með fullt af alls kyns skemmtilega lituðum jólaseríum, því það léttir manni skapið að hafa ljós í kringum sig.

## EFNI

6 – Hommaávarpið

8-9 – Þónkaða Pollock fjölskyldan

10 – William Hung ekki lengur hreinn sveinn

12 – Birgitta Jóns - Pabbi framið sjálfsmorð á aðfangadag

14-15 – Landakort drykkjumansins

16 – Fyrsta fylleri þjóðþekktara aðila

20-21 – Píkubjórarnir teknir út

24-25 – Blóðheitir hommar - Skjöldur og Maggi eru flottasta hommapar á Íslandi

26 – Plötusnúðaslagurinn - Heiðar Austmann Vs. Alfons X

28 – Dóttir Hallgríms Helga kippir í kynið


32-33 – Best og verst klæddu íslensku karlmennirnir

39-43 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík

**SIRKUS**  
 365  
 Auglýsingastjóri: Hannes Steindósson  
 Kynningarstjóri: Guðmundur Amar Guðmundsson  
 Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglysingar@365.is  
 Ritstjóri: Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir, Óli Hjörtur Ólafsson og Sólmundur Hólm.  
 Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is  
 Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Teitur af Skildi Eyjóð og Magnúsi Jóhanni Magnússyni.



8-9

12

20-21

28

24-25

32-33

12. SEPTEMBER  
ÞAÐ SEM HRUNDI MÆÐ TURNUNUM



#### FRIENDS

Endalaugar endursýningar á hinum þreyttu og leiðinlegu Friends-þáttum er hrein og klár móðgun við sjónvarpsáhorfendur. Allt venjulegt fólk er komið með ógeð á þessum ópolandi unglingum á fertugsaldri. Mætti frekar biðja um sýningar á snilldarþáttunum South Park sem skrifaðir eru af tveimur mestu snillingum nútímans, þeim Matt Stone og Trey Parker. Í þeim er að finna magnaðar persónur á borð við Eric Cartman, gyðinginn Kyle og samkynhneigða skólástjórann svo dæmi séu tekin.



#### SJÁLFAFGREIÐSLA

Það er fátt jafn sorglegt og að sjá moldrúkan jeppaeiganda dæla sjálfan á bílinn sinn því hann ætlar sér að spara nokkrar krónur. Nýtum þessi í stað þjónustuna því ef fer fram sem horfir munu oliufélögin hætta með bensínafgreiðslumenn. Hver á þá að mæla olíuna, skipta um rúðupurkurnar, þrifa framrúðuna, fylla rúðupissið, mæla frostlög, mæla loft í dekki og slík nauðsynleg störf? Áfram bensín afgreiðslumenn!



#### PISTLAHÖFUNDAR

Bloggvæðingin hefur orðið til þess að allir vilja orðið koma sinni skoðun á framfæri. Dagblöð og vikublöð eru orðin uppfull af leiðinlegum pistlahöfundum sem allt þykjast vita.

DANÍEL ÁGÚST HELDUR ÚTGÁFUTÓNLEIKA.

# BEINT TIL LONDON DANÍEL ÁGÚST VERÐUR MÆÐ ÚTGÁFUTÓNLEIKA Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI Á MIÐVIKUDAGS- KVÖLDIÐ 14. DESEMBER. „RASS SPILAR Á EFTIR MÉR ÞAR SEM TÓNLIST ÞEIRRA ER SVONA HRESSANDI ADRENALÍNROKK.“ SEGIR DANÍEL UM KVÖLDIÐ.

## AÐ LOKNUM TÓNLEIKUM

„Ég mun hafa heila strengjasveit með mér og vídeóverk í bakrunni,“ segir Daníel Ágúst sem mun halda útgáfutónleika vegna plötunnar sinnar „Swallowed A Star“ í Íslensku óperunni miðvikudagskvöldið 14. desember. „Rass spilar á eftir mér þar sem tónlist þeirra er svona hressandi adrenalínrokk,“ segir Daníel um kvöldið.

Af hverju Mr. Silla og Rass?

„Ástæðan fyrir því að ég valdi Mr. Silla og Rass er vegna þess að þetta eru uppáhalds íslensku böndin mín í dag. Ég sá Silla spila á Grand Rokki og heillaðist þar af raddfegurð hennar og einlægni. Svo eru Rass mjög skemmtilegir og beina jafnframt sjónum manns að málefnum sem skipta máli eins Kárahnjúkalagið ber vott um,“

En hvenær kemur platan út erlendis og hvar munt þú fylgja henni eftir?

„Ég fer reyndar til London daginn eftir útgáfutónleikana og mun spila þar í vikmyndahúsinu Carzon í Soho vegna



MR. SILLA.

frumsýningar heimildamyndarinnar Gargandi Snilld. Svo mun platan koma út í Evrópu í febrúar og þá mun ég fylgja henni til Frakklands, Belgíu, Bretlands og Ameríku.“ Það er því nóg að gera hjá



RASS, SPILA ADRENALÍN-ÞRUNGIÐ ROKK.

Daníel Ágústi sem fékk einmitt mjög góða dóma fyrir síðustu tónleika sína á Nasa á Airwaves-hátíðinni. Tónleikarnir byrja klukkan 21.00 og kostar miðinn 2000 kr.

## HOMMAÁVARPIÐ ERTU TOP EÐA BOTTOM?

Gagnkynhneigðir karlmenn eru yndislegir. Ég tek hattinn minn ofan af fyrir þeim. „Hefurðu sofið hjá Páli Óskari? Þekkirðu Skjöld Eyfjörð? Hvernig er að kyssa strák?“ Þetta eru spurningar sem eru lagðar fyrir mig á hverjum einasta degi af forvitnum karlmonnum. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þeir eru forvitnir um hommalífið og ég virði það alveg skilyrðislaust. Hins vegar að þurfa að svara spurningum um mína kynhneigð á hverjum einasta degi er soldið þreytt. Þetta er eins og að

spyrja stelpu af hverju hún hefur brjóst. Spurningarnar eins og „Ertu top eða bottom? Hvernig er að vera hommi?“ og „Hefurðu sofið hjá stelpu?“ eru klassískar. Ég skal bara svara þessu endanlega núna. Að vera hommi er helvíti fint og ég haga mínu lífi ekkert öðruvísi en gagnkynhneigði maðurinn næst mér. Ég hef sofið hjá stelpu og fílaði það ekki. Flóknara er það ekki og já... ég er top.

Óli Hjörtur Ólafsson – Hommi.



SKRIFAÐUR – HEIMI

# Ekkert er hættulegra en kona í hefndarhug



Þær eru ungar  
Þær hafa verið sviknar  
Þær ætla að hefna sín

Í miðborg Reykjavíkur hafa konur stofnað Hefnibandalag. Aðgerðir þess eru frumlegar, fyndnar og stundum hrottalegar. Þær eiga að kenna karlpeningnum að ekkert er hættulegra en kona í hefndarhug.

„Okkur veitir ekki af slíkum sögum, skemmtisögum sem greina samtíðina og málfarið, lífsstílinn og tómið.“

- Páll Baldvin Baldvinsson, DV



E d d a

edda.is



ÞRÍR ÆTTLIÐIR AF POLLOCKUM.

# PÖNKKAÐA POLLOCK FJÖLSKYLDAN

ÞAÐ ÞEKKA ALLIR PÖNKARAR DANNA POLLOCK. DÓTTIR HANS TANYA HEFUR NÚ HAFIÐ SINN TÓNLISTARFERIL OG SPILAÐI MEÐAL ANNARS Á AIRWAVES HÁTÍÐINI. BLAÐAMAÐUR SIRKUSS RVK FÓR OG HITTI ÞAU FEDGIN ÁSAMT ÞRÍÐJA ÆTTLIÐNUM Á HÓLMASLÓÐ 2 Í VIKUNNI.





„ÉG ÁTTI EKKERT SVO MARGA VINI Í BANDARÍKJUNUM ÞANNIG AÐ ÉG VAR BARA HEIMA AÐ SEMJA.

Það er ekki beint pönkaralegt ökutækið sem Danny Pollock leggur í stæði fyrir utan Hólmaslóð 2. VW Passat station, skjannahvítur og vel þrifinn. Blaðamaður veltir fyrir sér hvort þetta sé örugglega sami Danny Pollock og hann hafði lesið um í ævisögu Bubba Morthens. Þegar hann stígur út úr bílnum fer það ekkert á milli mála. Þetta er hann. Íklæddur leðurjакka, svörtum gallabuxum og með sólgleraugu. Hárið krullað og tvær síðar fléttur lafa neðan úr kollinum. Reffilegur. Með honum eru dóttir hans, Tanya Pollock, og dóttir hennar Isis, þrjár ættliðir af Pollock-um. Eldri ættliðirnir tveir heilsa með þéttu handarbandi en sá þriðji horfir á þessa fígúru í flíspeysunni með skrifblokkina undir hendinni. Litla stúlkan er hænd af pönk-afanum sem talar við hana á ensku. Eftir að Pollock-arnir hafa stillt sér upp í myndatöku er kominn tími til að setjast og ræða málin. Við komum okkur fyrir í sófa í Tónlistar og Þróunarmiðstöðinni sem Danni stofnaði rekur fyrir unga tónlistarmenn sem vilja koma sér á framfæri.

### ÞRÍR ÆTTLIÐIR UNDIR EINU ÞAKI

Þau feðgin segjast verja miklum tíma saman. „Þetta er allt frekar nátengt núna,“ segir Danni. „Hún er með sína íbúð fyrir neðan okkar þannig að það er mikill samgangur. Þetta er mjög nán fjölskylda, „The Pollock tripe,“ segir Danni með sínum bandaríska hreim. Hann er bandarískur eins og nafnið gefur til kynna og segir hann að fjölskyldan úti sé einnig mjög nán.

Það er mikill tónlist á heimilinu, og í stórfjölskyldunni. „Það mætti segja það. Nema kannski elsta systir mín hún er soldið dottin út úr þessu. Pabbi strömmaði gítarinn í gamla daga,“ segir Danni en börn hans fengu einnig svokallað tónlistarlegt uppeldi. „Það var alltaf æfingapláss í stofunni,“ segir Tanya. „Ég byrj-

tónlistinni hér heima og spilaði meðal annars á Airwaves.

### PÖNKARI ALINN UPP Í KLASSÍSKU SNOBBI

Bládamadur veltir fyrir sér hvers vegna í ósköpunum dóttir pönkarans hafi verið látin læra á klassískt píanó. Hvar er pönkið í því? „Hún bara valdi þetta sjálf,“ segir Danni afsakandi. „Ég hinsvegar studdi hana í þessu því það er gott fyrir alla að læra á hljóðfæri. Hvort sem þú ert í bandi eða ekki, bara kynnst þessu.“

*Byrjaðir þú kannski í klassíkinni?*

„Nei, nei, nei. Það var bara rokkið. Ég neitaði að fara í klassíkina. Ég reyndar byrjaði á því að spila á píanó þegar ég var svona níu tíu ára. Þá var ég bara að fíka sjálfur með systur minni og fór að semja. Ég þurfti reyndar alltaf að laumast til þess að spila á píanó því foreldrar mínir vildu ekki að ég væri að spila á það.“

*Af hverju ekki?*

„Af því að ég vildi ekki læra klassík. Þetta var bara eitthvað snobb. En ef ég samdi lög og lét systur mína spila þau þá var það voða flott því hún hafði lært,“ segir Danni og hlær.

### TÓNLISTARSPRENGJA MEÐ UTANGARÐSMÖNNUM

Móðir Danna er íslensk, ættuð úr Aðaldalnum. „Þaðan hafa mörg skáld komið,“ segir Danni. Faðir hans er frá Kentucky og kom hingað til lands á fimmta áratugnum sem hermaður. „Þau kynntust á Borginni,“ segir Danni með uppruna sinn á hreinu. Fjölskylda Danna flutti hingað til lands árið 1979 og fóru hann og bróðir hans þá að grúska í tónlist. „Fljótlega eftir það byrjaði allt ævintýrið með Bubba,“ segir Danni og vísar þar í tímuna þegar Utangarðsmenn voru og hétu. „Þetta voru sextán mánuðir, og 180 tónleikar sem við spiludum á þessum tíma. Ég veit ekki um neitt band sem hefur keyrt svona stíft,“ segir Danni.

*Rosalegur tími?*

„Þetta var fljótt að liða,“ segir Danni og hlær. „Þetta var náttúrulega tónlistarsprengja, mikið að gerast. Það voru ekki mörg bönd í gangi þannig lagað. Þetta var hurðin sem opnaðist fyrir bílskúrsböndin. Ég og Einar Örn

upp úr. „Ég vil ekki hljóma klisjugjörn en mér finnst Utangarðsmenn rosalega skemmtilegir. Í dag kann ég sérstaklega vel að meta lögin sem eru með reggtakti. Það er kannski brjáláð pönk í gangi og svo bara allt í einu reggí, á Íslandi.“ Hún segist einnig kunna vel að meta blústonlist sem faðir hennar er að gera með Mikka bróður sínum. „Það er sama attitjúdið og í Utangarðsmönnum. Það er náttúrulega mikil sál í blús eins og pönki. Það geta ekki allir gert það vel, þú getur ekki látið Birgittu Haukdal fronta pönkið.“

### SKAPSTÓR PÖNKFÆÐKIN

Danny getur ekki annað en viðurkennt að þeir félagar í Utangarðsmönnum hafi verið reiðir ungir menn á sínum tíma. „Er maður það ekki þegar maður er tvítugur?“ segir Danny og hlær. „Maður var alveg til vinstri með miklar meiningar.“ Tanya er sjálf róttæk og hefur tekið þátt í fjölda mótmæla. Þeim feðginum er meinilla við aðgerðaleyfi og þola ekki þegar fólk lætur vaða yfir sig.

*Er mikið skap í Pollock fólkinu?*

„Já,“ segir Tanya án umhugsar. „Já sko, ég er búin að temja skapið mitt. Ég er bara skapstór, ég er fæddur pönkari. Ég þarf ekkert að öskra á sviði eða neitt svoleiðis en ég fæ útrás í tónlistinni.“

Í sakleysi sínu spyr blaðamaður hvort þau feðgin vilji ekki flytja til bandaríkjanna því þar sé margt sem hægt er að mótmæla. „Það er ekkert meira en hérna heima. Það er talað um

að Bandaríkjamenn séu svo latir og geri aldrei neitt. En fólk gerir sér ekki grein fyrir því að þarna býr fólk í smábæjum og fær ekki upplýsingar um allt sem er að gerast í heiminum og veit í raun ekkert hvað er um að vera. Hér á landi fær fólk hinsvegar allar upplýsingar en gerir samt ekki neitt,“ segir Tanya heit í hamsi en blaðamaður getur ekki verið annað en sammála henni. Þetta er rétt sem hún segir. Hún bendir á að Íslendingar horfi upp á að hálendinu sé sökkt án þess að gera nokkuð í því. Það er allt of lítið af svona pönkurum hérna á Íslandi.

### STEFNIR Á BANDARÍKIN

Tanya hefur nóg að gera. Hún er í hönnunarnámi í Íðnskólanum í Reykjavík, á fullu í tónlist og auðvitað barnauppleidi. Hún stefnir á að fara til Bandaríkjanna eftir áramót og spila nokkur gigg. „Ég fór fyrir þremur árum og var búin að bóka mig á eina tónleika. Ég endaði á því að spila í þrjá mánuði og var bókun næstum alla daga,“ segir Tanya sem hefur fullan hug á að starfa við tónlist það sem eftir er. „Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri.“

Þá er kominn tími til þess að kveðja þau feðgin. Þau ætla að vera lengur í æfingahúsnæðinu. „Ég er að fara að æfa mig á trommur,“ segir Tanya. Þýðir ekki að trufla þessa þrjá ættliði af Pollockum mikið lengur heldur þakka fyrir skemmtilegt spjall og koma sér í burtu.

Sólmundur Hólm Sólmundarson

## „ÉG ER BARA SKAPSTÓR, ÉG ER FÆDDUR PÖNKARI.“

aði að æfa á píanó þegar ég var sjö ára og svo þegar ég var um 12 ára aldur fór ég að fíka með samplerana hans Pabba og var farin að semja lög þegar ég var um 14 ára.“ Tanya er raftónlistarmaður og var fjölskyldan búsett í Bandaríkjunum þegar hún byrjaði að semja tónlist. „Ég átti ekkert svo marga vini í bandaríkjunum þannig að ég var bara heima að semja. Ég átti alveg vini í skólanum en ég var ekkert mikið fyrir að hitta þá á kvöldin. Þá var ég mikið fyrir að vera heima að teikna og spila á píanóið og svo var ég líka í hestamennsku,“ segir Tanya. Hún hefur mikið unnið að tónlist með frænda sínum en það samstarf hófst þegar hann sendi henni upptökur eftir sjálfan sig þar sem hann var að leika sér með Casio hljómborð. Fjölskyldan flutti heim árið 1999 eftir um tíu ára búsetu í Bandaríkjunum en Tanya flutti heima á undan og fór þá að vinna í tónlist með tédum frænda sem er nú búsettur í London. Þar leikur hann tónlist þeirra frændsystkina. Tanya er að einbeita sér að

tökum mörg þessi bílskúrsbönd inn á Borgina og leyfðum þeim að spila þar.“

### BIRGITTA FRONTAR EKKI PÖNKIÐ

Þau mæðgin segjast ekki spila mikið saman. „Það er ekki nema bara rétt til að leika okkur. Hún er náttúrulega í þessu elektróníska og ég í mínu,“ segir Danny. „Við spilum bara í sitthvöru lagi og leyfum hvort öðru að heyrja það efni sem við erum að spila,“ segir Tanya. „Þegar þetta er svona nálægt manni þá bara gerist ekki neitt. Það mun örugglega eitthvað gerast í framtíðinni. Ég er alveg með hugmyndir þar sem ég vil fá hann til að spila inn í.“ Þó þau feðgin spili ekki mikið saman þá hefur Danny tekið upp tónlist eftir dóttur sína.

*En hvað finnst ykkur um þá tónlist sem hinn aðilinn er að gera?*

„Mér finnst þetta bara mjög fínt sem hún er að gera,“ segir Danny. Tanya segist einnig hlusta á það sem faðir hennar hefur fengið við og á auðvelt með að nefna hvað stendur



„ÞAÐ ER TALAÐ UM AÐ BANDARÍKJAMENN SÉU SVO LATIR OG GERI ALDREI NEITT. EN FÓLK GERIR SÉR EKKI GREIN FYRIR ÞVI AÐ ÞARNA BÝR FÓLK Í SMÁBÆJUM OG FÆR EKKI UPPLÝSINGAR UM ALLT SEM ER AÐ GERAST Í HEIMINUM OG VEIT Í RAUN EKKERT HVAÐ ER UM AÐ VERA. HÉR Á LANDI FÆR FÓLK HINSVEGAR ALLAR UPPLÝSINGAR EN GERIR SAMT EKKI NEITT“



PEYTON SAWYER LÁ MED WORM IS GREEN-DISK UPPI Í RÚMI.

SIRKUS MYND – VALLI

# DISKAHULSTRID VAR Í ONE TREE HILL

## WORM IS GREEN ORÐIN HEIMSFRÆG

Hljómsveitin Worm is Green hefur verið að gera það gott á vesturströnd Bandaríkjanna eftir velheppnaða tónleikaferð þegar þau fylgdu eftir fyrstu breiðskífu sinni, Automagic. Í hinum vinsæla unglíngabætti One Tree Hill, sem þó gerist í Norður-Karólínu, má sjá eina aðalkvenpersónuna, Peyton Sawyer, sem leikin er af Hilarie Burton, liggja upp í rúmi með Worm is Green-diskinn Automagic við hliðina á sér.

Sirkus Reykjavík hringdi rakleiðis í Þorstein Hannesson, trommara í Worm is Green, og óskaði honum innilega til hamingju með heimsfrægðina. Þorsteinn hló að þessu en viðurkenndi þó að hann hefði gaman af þessu. „Þetta er bara skemmtilegt,“ sagði Þorsteinn.

Þau ætla spila í Stúdentakjallaranum



um helgina en nýlega spilaði hljómsveitin á NASA við góðan orðstír. Næsta sumar ætla hljómsveitin síðan aftur til Bandaríkjanna til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, Push Play.

Þá hafa krakkarnir hug á að herja á Evrópumarkaðinn og er Austur-Evrópa nefnd í því sambandi. Annars segir Þorsteinn helsta veikleika hljómsveitarinnar vera hversu léleg þau séu að koma sér á framfæri hér á landi. „Ég virðurkenni það að ég verð að taka mig á í öllum tengslum við fjölmíðla. Það veit nánast enginn hver við erum hér heima. Kannski liggur hluti af ástæðunni í því að við höfum ekkert band til að hata eða böggast út í. Eins og Duran þurfti Wham og Blur þurfti Oasis þá þurfum við okkar óvinahljómsveit.“

# 9

## VÍSSENDINGAR ÞESS AÐ ÞÚ SÉRT RÚMI Í GLERSKÁP Í BOÐI HJÖBBA KÁ



Þú átt árskort í World Class og mætir á hverjum degi en nennir aldrei að lyfta eða hlaupa. Helst viltu hanga í sturtunni.



Áður en þú ferð út að skemmta þér eyðirðu rúmum hálf tíma í að spá hvort fötin sem þú ert í séu nokkuð hommaleg.



Þú ert með millinafn. Helst Blær, Snær, Breki, Orri, Tristan, Óli eða Rósant.



Þegar þú horfir á IDOL blótarðu alltaf þegar þú sérð Pál Óskar og segir „ojji, þessi hommi.“



Þú varst valinn krútt skólans í 9. bekk og fórst að grenja.



Þú átt fleiri vinkunur en allir vinir þínir til samans.



Þú dregur reglulega einhverja stelpu með þér heim af djammínu svo engan fari að gruna að þú sért rjúmi.



Þú ferð á hverjum þriðjudegi á Bókasafn Kópavogs til að lesa Gay Times bara til að sjá hvað þessir gæjar í blaðinu eru ógeðslegir.



Þú borðar pítsu með skinku og ananas.


# 10

## HRAFNHILDUR Í AFTUR HETTUPEYSU.

# AFTUR HETTUPEYSUR AÐ DETTA INN

Vinsælu hettupeysurnar sem Aftur systurnar Bára og Hrafnhildur Hólmgæisætur hafa hannað munu fást bráðlega hér á landi. Peysurnar verður hægt að fá í versluninni Tríologiú sem er staðsett á Laugaveginum. Það hefur verið mikil eftirspurn eftir þessum flottu peysum og ekki var búist við þeim fyrr en í vor. En víti menn, af einhverjum ástæðum verða þær líklegast komnar eftir helgi svo að það er bara að hafa hraðar hendur og næla sér í eina áður en þær seljast upp. Systurnar eru nú búsettar í Danmörku og starfa þar við góðan orðstír. Meðal annars sem stílistar fyrir þarland tískutímarit. Hönnun þeirra hefur fengist um víðan heim. Til dæmis í París, London, Tokyo og Hong Kong. Einnig eru þær systur að stílísera Daniel Ágúst sem hefur skartað fallegum búningum undarfarið eins og tildæmis á Airwaves tónleikunum þar sem hann var skreyttur hrafnshjörum. Hann mun líklegast skarta einhverjum nýju dressi á útgáfutónleikum sínum.

HERRA  
HAFNARFJÖRÐUR  
11 ÁRA



# ÞÚ GETUR EKKI VERIÐ HVERNIG SEM ER Á JÓLUNUM!



Bertoni skyrtur fyrir ermahnappa  
Hálfsíðir kasmír ullarfrakkar  
Bertoni jakkaföt



Vertu í örygginu - verslaðu í  
Herra Hafnarfirði, heimili Bertoni



Opið um  
helgina:  
Fös kl. 10-19  
Lau kl. 10-18  
Sun kl. 13-17

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073

# Herra hafnarfjörður

„ÞEGAR PABBI DÓ ÞÁ MAN ÉG AÐ MÍN EDLISLÆGU VIÐBRÖGD VORU AÐ TALA UM ÞETTA. Í MINNING-ARGREININNI SEM ÉG SKRIFAÐI UM HANN VAR ÉG EKKERT AÐ TALA UNDIR RÓS. ÉG SAGÐI BARA FRÁ ÞESSU EINS OG ÞAÐ VAR.“

BIRGITTA JÓNSDÓTTIR HEFUR SENT FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU SKÁLDSÖGU. DAGBÓK KAMELJÓNSINS HEITIR GRIPURINN OG HEFUR VERIÐ Í SMÍÐUM Í 18 ÁR. BIRGITTA HEFUR UPP-LIFAÐ SORGIR OG SIGRA Í GEGNUM TÍÐINA. ÞÓ AÐ BÓKIN SÉ EKKI ÆVISAGA MARKAR HÚN ENGU AÐ SÍÐUR ÞÁTTA-SKIL Í LÍFI HÖFUNDARINS.

# PABBI FRAMDI SJÁLFSVÍG Á AÐFANGADAG

„Þetta er fyrst og fremst tilraun til þess að brjóta upp skáldsöguna,“ segir Birgitta Jónsdóttir rithöfundur um sína fyrstu skáldsögu, *Dagbók Kameljónsins*. „Til þess nota ég þetta dagbókarform og þetta myndræna. Nýti mér mína reynslu við netið og myndlist.“

## SJÁLFSVÍG Á AÐFANGADAG

Birgitta segir að sagan sjálf sé nokkurs konar hetjusaga og sjálfsástarsaga. „Ég er að hefja orðið að vera sjálfselskur upp til virðingar,“ segir Birgitta og hlær. Bókin hennar fæst við nokkuð sem lítið hefur fjallað um – hvernig aðstandendur þeirra sem fremja sjálfsvíg takast á við sorgina og það úrræðaleyfi sem það fólk mætir. Birgitta þekkir þetta af eigin raun. „Pabbi minn framdi sjálfsvíg á aðfangadag þegar ég var tvítug. Árið 1987,“ segir Birgitta en sögupersónan í bók hennar er einmitt um tvítugt. „Þetta er viðkvæmt málefni og lítið talað um þetta. Ég vildi gera þetta „brutally honest.““ Leiðin að útkomu bókarinnar hefur verið þyrnum stráð. Einn ættingi Birgittu reyndi til að mynda

að fá lögbann á hana árið 1995. Hún segir að bókin sé engu að síður langt frá því að vera ævisaga. „Það eru þó einhverjar dagbókarfærslur sem eru alvöru en ég segi ekkert hverjar þær eru,“ segir Birgitta.

## VARÐ EKKI REIÐ FÖÐUR SÍNUM

„Ég man þegar pabbi dó, þá fékk ég ekki þessi típísku viðbrögð að verða reið. Ég skildi hann alveg að hafa gert þetta. Ég var sjálf alveg yfirfull af sjálfseyðingarhvöt og markmið mitt var að deyjja þegar ég var 25 ára. En þegar ég sá hvaða áhrif þetta hafði á aðstandendur umventist ég algerlega. Ég er að nota þá umvendingu og þær pælingar sem ég hef verið með í kringum dauðann þegar ég skrifa þessa bók. Bókin er ekki bara um sjálfsvíg heldur líka manneskju sem er að finna sjálfa sig. Þetta er líka ævintýrasaga um háskalegar lendar mannhugans.“

Þú segir að þú hafir verið með sjálfseyðingarhvöt. Hvernig lýsti hún sér?

„Það kemur fyrir marga að þeir upp-

lifa það að þeir tína sjálfum sér. Það er þessi grunnótti við höfnun og í rauninni er sögupersónan að komast að því hvað veldur sjálfseyðingarhvötinni í bókinni. Með því að fara í gegnum þessar minningar kemst hún að því að þær eru ekki allar jafn skelfilegar og hana minnti.“

## BETRA AÐ SEGJA EITTHVAÐ VITLAUST EN EKKI NEITT

Fyrir blaðamenn eru viðmælendur eins og Birgitta það besta sem fyrirfinnst. Fólk sem segir það sem það vill segja án þess að draga undan. Fólk sem kemur fram eins og það er, ekki eins og það vill vera. Birgitta er mjög opinská og talar óhikandi um andlát föður síns og afleiðingar þess.

Hefur það alltaf verið þannig?

„Þegar pabbi dó þá man ég að mín edlislægu viðbrögð voru að tala um þetta. Í minningargreininni sem ég skrifaði um hann var ég ekkert að tala undir rós. Ég sagði bara frá þessu eins og það var. Fólk er alveg guðvelkomið að tala við mig og það þarf að komast fram hjá

þessari feimni og hræðslu við að segja eitthvað vitlaust. Það er betra að segja eitthvað vitlaust heldur en ekki neitt.“

## NIÐRI Á JÖRÐINNI YFIR JÓLIN

Blaðamanni leikur vafasöm forvitni á að vita hvernig jólin eru hjá Birgittu eftir jólin 1987. „Ég er bara svo heppin að ég á krakka og ákvað bara að þetta væri þeirra hátíð. Maður kveikir á kerti og hugsar til hans og borðar góðan mat. Þetta hefur gert það að verkum að ég er meira niðri á jörðinni í desember. Ég fer ekki í hreinlætisæði og stress. Er ekki með áhyggjur af því að börnin mín fái flottustu gjafirnar og þarf ekki að baka fjórtán sortir af smákökum,“ segir Birgitta. Hún segir að það hafi hjálpað sér mikið að skrifa bókina.

Kaflaskipti?

„Mjög mikil. Núna get ég loksins farið að skrifa næstu bók og halda áfram að brjóta upp skáldsöguformið. Gott mál.“

Hægt er að skoða brot úr bók Birgittu á vefsíðunni [kamelljon.blogspot.com](http://kamelljon.blogspot.com).

Sólmundur Hólm Sólmundarson

**15% afsláttur**  
af öllum úlpum til jóla.




Klæddu þig vel

[www.66north.is](http://www.66north.is)

REYKJAVÍK: Kringlan – Smáralind – Bankastræti 5 – Faxafen 12 GARDABÆR: Miðhraun 11 – AKUREYRI: Glerárgata 32

# LANDAKORT DRY



**GLAUMBAR** ★★★★★

Á virkum dögum finnuruð hverja fót-boltabulluna á fætur annari á Glaumbar. Um helgar er þar stórfurðulegt fólk úr úthverfunum sem tapar sér. Staðurinn fær að vísu smá kredit fyrir að vera með opið fram undir morgun.

Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 600.kr.  
2-faldur gin í tónik: 1200 kr

**GAUKURINN** ★★★★★

Þangað mæta rokkarar á virkum dögum til þess að hlusta á vini sína spila í hljómsveit. Um helgar spila sveitaballagrúppur þar og white trash stemningin í algleymingi. Oft detta inn frábærir tónleikar á Gauknum sem rífa staðinn upp í þrjár stjórnur.

Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 600 kr.  
2-faldur gin í tónik: 1200 kr

**RÖKKUR BAR** ★★★★★

Rökkurbarinn er kjörinn fyrir fólk sem hefur fengið sér allt of mikið af áfengi og ólöglegum eituryfjum um ævina. Innréttingarnar eru eins og á gamalli sveitakrá og klósettinn tilvalin til þess að sprauta sig á.

**SÓLÓN** ★★★★★

Sólón er líka einn af þessum stöðum sem er kjörinn fyrir fólk utan af landi sem ákveður að bregða sér í bæinn. Þar fara stelpur í sleik og allir eru eins.

Kostar inn? Nei. Stór bjór: 600 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.

**CAFÉ AMSERDAM** ★★★★★

Gröfumenn hafa gaman af því að mæta á Amsterdam til þess að finna sér einn þriggja barna alkóhólsta úr Fellunum. Mikið um menn í fótboltatreyjum. Tónlistin þar er léleg.

**OPUS** ★★★★★

Tónlistin sem spiluð er á staðnum eru bandarískt hip hop og RnB. Áður var Píanóbarinn í sama húsi og er óhætt að segja að kúnnahópurinn hafi haldið tryggð við húsnæðið. Gamla Litaver er við sama hegarðshornib.

Kostar inn? 500 kr. eftir kl. 01 á laugardögum.  
Stór bjór: 600 kr.  
2-faldur gin í tónik: 1200 kr.

**B5** ★★★★★

Mjög grand staður þar sem þú getur sest niður og látið þér líða eins og þú sért merklægur meðan þú sótrar vín sem er dýrara en annars staðar.

Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 700 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1400kr.

**CAFÉ VICTOR** ★★★★★

Kúnnahópurinn á Café Victor er fjölbreyttur. Að undanförmu hafa rússneskir verkamenn hertekið staðinn ásamt asískum blómarósum. Einstaka gröfumaður á það til að detta inn og reyna að freista gæfunnar. Tónlistin þar er blönduð, allt frá I will survive til I want to break free.

**BOOMKIKKER** ★★★★★

Ef þú ert þarna fyrir klukkan fimm á nóttunni þarftu að taka til í eigin ranni. Svipaður staður og Glaumbar, þú ferð þangað þegar farið er að birta.

Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 600 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.

**DUBLINERS** ★★★★★

Þarna er sannkölluð frsk stemning í gangi eins og nafnið gefur til kynna. Miðaldra karlmennt sem elska Guinness og írsku tónlist láta sjá sig þarna reglulega. Staður sem er samkvæmur sjálfum sér um aldur og ár.

Kostar inn? Nei  
Stór bjór: 600 kr.  
2-faldur gin í tónik: 1200 kr.

**THORVALDSEN** ★★★★★

Var aðal þotustaðurinn fyrir nokkrum árum en hefur dalað að undanförmu. Staður til að pikka upp einstæðar, fertugar mæður sem drekka bara Mojito.

Kostar inn? Nei.  
1/2 lítri af bjór: 700 kr  
2-faldur gin og tónik: 1200 kr.

**HRESSÓ** ★★★★★

Háskólakrakkar í bland við smástími og dreifara eru þarna inni dansandi við Sállina og Justin Timberlake. Soldið mikið sjoppustemning stundum.

Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 600 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.

**CAFÉ COZY** ★★★★★

Café Cozy er eini staðurinn fyrir þá sem laðast að einstaklingum af sama kyni, sem sagt homma og lesbúur. Staðurinn nær engan veginn til allra í þessum minnihlutahóp.

Kostar inn? Nei  
Stór bjór: 500.kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1.300.kr.

**NASA** ★★★★★

Nasa er kamelljón skemmtistaðanna. Ef góð hljómsveit er að spila á Nasa þá er góð stemning og vice versa. Það er líka misjafnt á hvaða aldri gestir staðarins eru, allt eftir því hvaða hljómsveit er að spila.

Kostar inn? Misjafnt verð eftir tónleikum.  
Stór bjór: 600 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.

**VÍNBARINN** ★★★★★

Gamlir reifir af auglýsingastofum hata ekki að tulla sér í eitt hvítvínsglas á Vínbarnum. Þetta er háklassastaður þar sem hvítt rusl sést ekki.

Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 600 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.

**NELLYS** ★★★★★

Feitar stelpur sem hlusta nærri eingöngu á hlussurokk láta sig aldrei vanta á Nellys. Þar er spilað hlussurokk síðustu áratuga við mikinn fögnuð nærstaddir. Fólk utan af landi í bæjarferð hikar ekki við að mæta þangað. Ódýr bjór er eini plúsinn við staðinn.

Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 370 kr.  
2-faldur gin í tónik: 800 kr.

**ÓÐAL** ★★★★★

Ef þér tekst ekki að veiða á Hverfisbarnum, Óliver eða Sólón geturuð alltaf farið á Óðal og borgað fyrir privat. Fínasta stríperí og snyrtilegur staður. Eini gallinn er að það sjá þú allir koma út.

Kostar inn? 1000 kr.  
Flöskubjór: 500 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.

**REX** ★★★★★

Ef þú þyrstir í plebbisma skaltu skella þér á Rex. Menn með mikilmennskubrjálæði eiga heima þarna, eins og tildæmis bíla- og fasteignasalar.

Kostar inn? Nei  
Stór bjór: 600.kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1.200.kr.

**KAFFIBRENNSLAN** ★★★★★

Líklegast einhver besti staður sem hægt er að fara til þess að spjalla við vin á virkum degi. Þetta spjall verður hinsvegar að fyllersrófii um helgar og stemningin á staðnum eftir því.

Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 600 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.

# SKJUMANNINS

Á VIRKUM DÖGUM FINNURÐU HVERJA FÓTBOLTABULLUNA Á FÆTUR ANNARRI Á GLAUMBAR. UM HELGAR ER ÞAR STÓRFURÐULEGT FÓLK ÚR ÚTHVERFUNUM SEM TAPAR SÉR. STAÐURINN FÆR AÐ VÍSU SMÁ KREDIT FYRIR AÐ VERA MEÐ OPIÐ FRAM UNDIR MORGUN. Á VIRKUM DÖGUM FINNURÐU HVERJA FÓTBOLTABULLUNA Á FÆTUR ANNARRI Á GLAUMBAR. UM HELGAR ER ÞAR STÓRFURÐULEGT FÓLK ÚR ÚTHVERFUNUM SEM TAPAR SÉR. STAÐURINN FÆR AÐ VÍSU SMÁ KREDIT FYRIR AÐ VERA MEÐ OPIÐ FRAM UNDIR MORGUN.

## PRÍKIÐ ★★★★★

Príkið er unglingsstaðurinn í dag. Þar er meðalaldur stelpna 17 ár en meðalaldur karlanna um 21 ár. Staður sem hefur misst marks undanfarin ár eftir að helstu kókhalar bæjarins færðu sig um set.  
Kostar inn? Nei.  
Stór bjór 600 kr. 600 kr.  
2-faldur gin í tónik: 1200 kr.



## CULTURE ★★★★★

Alþjóðahúsið  
Ef þú vilt komast til útlanda en nennir ekki að borga fargjaldið þá er Alþjóðahúsið alveg kjörið.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 600  
2-faldur gin og tónik: 1200

## HVERFISBARINN ★★★★★

Það er gífurleg gredda á ferðinni á þessum stað. Háskóla- og menntaskólanemar fara þarna til þess að finna sér rekkjunaut í eina kvöldstund eða svo. Fyrir utan gætu menn átt það á hættu að lenda í Fazmo-klíkunnni sem fer hamförum í vörnum gegn nauðgunum.  
Kostar inn? Nei  
Stór bjór: 600 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.



## GRAND ROKK ★★★★★

Mjög sjáður staður. Þekktur fyrir að bjóða upp á lífandi og fjölbreytta tónlist. Pub-quizið er orðið að klassísku fyrirbæri. Skrýttinn ælustemari á neðri hæðinni.  
Kostar inn? Misjafnt verð á efri hæð en ekkert á þeirri neðri.  
1/2 lítri af bjór: 550  
2-faldur gin og tónik: 1200



## VEGAS ★★★★★

Kampavínskúbbur þar sem fongulegar físur hika ekki við að glenna sig framan í þig. Enn einn staðurinn sem ýtir undir kvenfyrirlitningu. En fyrir þá sem elska svona staði þá er rakið dæmi að fara Vegas því það sér þig enginn fara þaðan út.  
Kostar inn? 500 kr.  
Stór bjór: 500 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200

## CELTIC CROSS ★★★★★

Hérna er breska kráarstemningin allsráðandi. Staður til að setjast niður, fá sér eina eða tvær kollar og hlusta á tregafulla söngródd trúbadorsins. Er oft ekkert sérstaklega hress staður.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 600 kr.  
2-faldur gin og tónik: 1250 kr.

## SPORTBAR.IS ★★★★★

Fær hrós fyrir að vera elni staðurinn með almenning billiardborð á 101-svæðinu. Barþjónamir virka eins og þeir séu alltaf vel í glasi en það er bara rokk.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 500 kr.  
2-faldur gin og tónik: 1100 kr.

## KOFI TÓMASAR... ★★★★★

Þínkulítill kjallarahola og hefur verið meira áberandi á djammínu eftir að þau ákváðu að hafa plötusnúð um helgar. Mikil fyllerisstemning. Stundum eiginlega of mikil.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 550 kr.  
2-faldur gin og tónik: 1200 kr.

## CAFÉ ÓLÍVER ★★★★★

Nýjasti staðurinn á markaðinum og er búinn að vera troðinn út úr dyrum síðan hann opnaði. Líður fyrir að vera of mikið snobb stundum en engu að síður hress staður.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 650 kr.  
2-faldur gin og tónik: 1200 kr.



## SIRKUS ★★★★★

Listaspírullíðið, hljómsveitir og grúppur þeirra. Hérna er stemningin eins hvort sem það er mánudagskvöld eða laugardagskvöld. Oft of troðinn, engu að síður massa stemmning.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 600 kr.  
2-faldur gin og tónik: 1200 kr.

## DILLON ★★★★★

Hérna hanga rokkaramír. Ef þú fllar plötusnúðinn eða bandið sem er að spila grýttu þá bjórglasi á vegginn. Þá öðlast þú virðingu.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 600 kr.  
2-faldur gin og tónik: 1200 kr.

## ARI FÖGRI ★★★★★

Um helgar mæta menntaskólanemar hikaust á Ara í Ögri og hlusta á trúbadorana syngja. Blindfullar stelpur biðja um óskalög og annað slíkt. Þetta eru menntaskólanemamir sem eru ekki nógu töff til að komast inn á Príkið. Getur engu að síður oft verið fin kjafastemning.  
Kostar inn? Nei  
Stór bjór: 600 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1200 kr.



## ÖLSTOFAN ★★★★★

Allt frá Baltasar Kormáki til Sefsohshnakka hanga á þessum stað. Góður staður til að kljka um helgar í bjór og kljka síðan eitthvað annað.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 500 kr.  
2-faldur gin og tónik: 1200 kr.

## VITABAR ★★★★★

Draumastaður dagdrykkjumannsins. Hæfilega fjarrí Laugaveginum þar sem allir sjá þig vaggva um. Þó engu að síður miðsvæðis svo það er stutt að detta heim.  
Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 500 kr.  
2-faldur gin í tónik: 850 kr.




## KAFFIBARINN ★★★★★

Kaffibarinn fór með stórt hlutverk í myndinni 101 Reykjavík. Þar má finna marga karlmanninn sem upplifir sjálfan sig sem Hlyn Björn og marga stelpuna sem upplifir sig sem Björk Guðmunds. Útlendingar detta þangað inn í von um dirty weekend.  
Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 550 kr. til kl. 01. Eftir það er hann á 600 kr.  
2-faldur gin í tónik: 1300 kr.



## VEGAMÓT ★★★★★

Fallega fólkíð er oftast en ekki dansandi á Vegamótum. Djammlandsliðið mætir þangað í sínum djammalklæðnaði og kippir sér ekkert upp við myndirnar sem birtast á heimasíðu staðarins. Inn á milli eru ljótir háskólanemar sem koma með fallegu vínun sínum á djammíð.  
Tónlistin er góð.  
Kostar inn? Nei  
Stór bjór: 600 kr.  
2-faldur gin í tónik: 1200 kr.



## BAR 11 ★★★★★

Er búinn að dala mjög mikið undanfaríð. Var ótrúlega hress einu sinni en allur sjarminn hvarf einhvern veginn og skemmtilega fólkíð með.  
Kostar inn? Nei  
1/2 lítri af bjór: 600  
2-faldur gin og tónik: 1200



## SVARTA KAFFI ★★★★★

Kjafstemmaingin er allsráðandi hérna. Er heimsfræg á Íslandi fyrir gómsæta súpu í brauði. Rólegur og kósí staður. Meiri matarstemning en fyllerisstemning.  
Kostar inn? Nei.  
1/2 lítri af bjór: 500 kr.  
2-faldur gin og tónik: 1350 kr.

## MÓNAKÓ ★★★★★

Finn staður fyrir spilafíkla sem tapa aleigunni þrisvar í viku sér til yndisauka.  
Kostar inn? Nei.  
Stór bjór: 500 kr.  
Tvöfaldur gin í tónik: 1100 kr.

# MITT FYRSTA FYLLERÍ

ÞAÐ ER SÉRSTÖK UPPLIFUN AÐ DETTA Í ÞAÐ Í FYRSTA SINN. MARGIR HVERJIR FARA ALGERLEGA YFIR STRIKIÐ OG GLEYMA ÞVÍ ALDREI. VIÐ MUNUM LÍKA ÖLL EFTIR FYRSTA FYLLERÍNU.

## LOGNAÐIST NAKINN ÚTAF Í EIGIN ÆLU

„Þetta getur haft hörmuleg áhrif á unglingsárin og þessi lífsreynsla mín varð til þess að ég bragðaði ekki sopa af áfengi í mörg ár. Þetta var sumarið 1992 og NBA var móðins og ég var einmitt klæddur í bol sem prýddi mynd af stjörnuliðinu það árið. Ég var á tónleikum í Kaplakrika og var bara 12 ára gamall. Eftir tónleikana lá leiðin í Mosfellsbæinn þar sem við fengum okkur Absolut Citron út í Fanta Lemon og ananasþykkni. Morguninn eftir vaknaði ég við pabba vinar míns. „Bóas? Bóas minn, er allt í lagi?“, með þýskum hreim. Það var þegar ég ætlaði að líta upp sem ég áttaði mig á því að andlit mitt og hár loddði fast við parkettið, ég hafði kastað upp og lognast út af í eigin ælu, legið þar eins og skata þar til ég sat pikkfastur. Ekki nóg með það, þegar mér loksins tókst að að rífa mig frá gólfinu áttaði ég mig á því að ég var kviknakinn, ekki í nokkurri spjör,“ segir Bóas frekar skömmustulegur. Hann segir að unglingar eigi að láta sér þetta að kenningu verða.

Bóas Hallgrímsson rokkari og frístundafulltrúi.

## DRAPST Á UMFERÐAREYJU

„Ég er nokkuð viss að það hafi verið fyllerið þegar ég var 15 ára og og drakk landa í Kool Aid fyrir utan Skalla í Árbæ,“ segir Ágúst Bent rappari. „Þetta endaði síðan þannig að systir mín fann mig dauðan á einhverri umferðareyju, búinn að æla yfir mig allan. Hún var ekki sátt að sjálfsgöðu. Dró mig heim og sagði við mig að segja mömmu að ég hefði dottið á hausinn og væri vankaður í staðinn fyrir að segja að ég væri blindfullur,“ segir Ágúst. „Síðan kom ég heim og mamma fattaði að ég var alveg hauslaus. Hún spurði mig hvað ég hefði verið að drekka og ég sagði að ég hefði verið að drekka landa. Ég var síðan sendur í herbergið mitt þar sem ég ældi meira.“ Leið langur tími þangað til hann drakk aftur? „Ég fór aftur á fyllerið helgina eftir þessa.“

Ágúst Bent Sigbertsson Rappari

## LÆRÐI AÐ DREKKA Í BOSTON

„Á Akranesi, þar sem ég ólst upp, voru stúkuböllin aðalmálið. Vinkonur mínar sögðu mér að allir sætu strákarnir væru á stúkuböllunum og ég sló til. Ég er afar þakklát fyrir að hafa verið í þessum félagsskap og það er allt honum Þorgils kennara á Akranesi að þakka,“ segir Helga Braga Jónsdóttir, leikkona sem var stödd í Boston þegar Sirkus Rvk hafði samband við hana.

„Ég byrjaði ekki að drekka fyrr en ég varð tvítug, þá sem au þeir í Frakklandi. Það voru engin rosa fylleri en ég var sötrandi eitthvað nánast alla daga. En í dag bragða ég ekki áfengi því ég nota ekki sykur.“

Helga Braga Jónsdóttir leikkona

## ÆLDI Í HÁRIÐ AF HELGA MAGRA

„Ég man eftir því,“ segir Davíð Guðbrandsson, leikari sem Íslendingar sjá á hverjum sunnudegi í þættinum Kallakaffi. Davíð er alinn upp í Keflavík og það var þar sem hann datt fyrst í það, þá á fimmtánda aldursári. Foreldrar frænda hans voru erlendis í gólfferð. „Þá var hóað saman öllum strákum sem voru í mútum. Það var svona típískt íslenskt, æla í hári og allt sem því fylgir. Aðeins of margir Helgi magri bjórar sem runnu niður,“ segir Davíð en Helgi magri var ein fyrsta íslenska bjórtegundin. „Þetta voru svona flöskubjórar. Held að þeir hafi ekki verið lengi á markaði enda ældu unglingar mikið í hárið á sér á þessum tíma. Þetta var algerlega misheppnað, ég var að hlusta á Pláhnetuna og dansa með sítt hár í gótöttum gallabuxum,“ segir Davíð og viðurkennir að samræmið sé ekkert milli gótöttra gallabuxna og hljómsveitarinnar Pláhnetunnar. „Það leið hæfilega langur tími áður en ég drakk aftur, svona til þess að foreldrarnir kæmust ekki að því.“ Davíð reynir nú að halda sig frá áfengi enda hafi fyrsta fyllerið veitt forsmeikinn af því sem koma skyldi í hans drykkjuvenjum. Hann tekur einn dag fyrir í einu í bindindinu. „Maður veit ekki hvað gerist á morgun.“

Davíð Guðbrandsson leikari

## BLINDFULL Á ÞORLÁKSMESSU

„Mitt fyrsta fylleri var á Þorláksmessu í landsprófssbekk (nú 10.bekkur) á Selfossi, þá 15 ára gömul. Ég var í bíl með vinum mínum og við drukkum vodka í kók og appelsín. Ég man að það var mikið grínast í bílnum og hitinn var gifulegur. Þar sem vodka var frekar bragðlaus, þá drakk ég frekar óhóflega þetta kvöld en fann lítið á mér, allt þangað til við stigum út úr bílnum og gengum inn til vinkonu minnar. Þá fann ég hversu ölvuð ég var og til að gera langa sögu stutta þá endaði kvöldið heldur illa. Ég ældi á mitt gólfíð í mínu snyrtilega herbergi. Þegar ég ætlaði að þrifa það upp vaknaði mama mín og við þrífum æluna upp í sameiningu,“ segir Andrea Jónsdóttir útvarpskona og rifjar upp þetta eftirminnlega Þorláksmessukvöld. „Mamma minntist hins vegar ekkert á þetta á aðfangadagsmorgun enda hefðu jólin verið ónýtt ef eitthvað veður hefði verið gert úr þessu. Ég hef aldrei ælt af áfengisnotkun eftir þetta. En alltaf þegar ég kom heim af einhverju næturbrótti eftir þetta settist ég í gamlan hægindastól sem afi og amma höfðu átt og sofnaði þar því mér þótti betra að sofa svona upprétt ef fjörið var mikið kvöldið áður. Manni varð þannig síður óglatt.“

Andrea Jónsdóttir útvarpskona og plötusnúður.



Of gáfaður fyrir Krókinn. Of reiður fyrir Reykjavík. Of hreinskilinn fyrir Ísland.

# ROKLAND

ÍSLENSKU  
BÓKMENNTA  
VERÐLAUNIN

*Filmefning*

„Meistaralega vel sögð.“



*Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

„Í Roklandi kraumar frásagnargleði og húnor.“

*Steinunn Inga Óttarsdóttir, Mbl.*

„Rokland er mikil skáldsaga.“

*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*


„Stórskemmtileg ... Hallgrímur fer á kostum í lestri sínum yfir samtíðinni.“

*Egill Helgason, Silfur Egils*

  
E d d a

# HALLGRÍMUR HELGASON

# Hefurðu keypt þér eitthvað sætt nýlega?



Ertu nokkuð að missa af bestu kaupum ársins?

Draumaveröld kaupalkans,  
meinfyndin og sönn í senn.

Geggjuð bók fyrir skvísur!  
Skvísaðu einni í jólapakkann!



SIRKUS RVK. BÝÐUR LESENDUM UPP Á FIMM KLASSÍSKA KOKKTEILA. ALLIR SEM HAFA EINHVERN ÁHUGA Á GÓÐUM KOKKTEIL FINNA EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI. ALLT FRÁ GELLUKOKKTEILNUM COSMOPOLITAN YFIR Í IÐJULEYSINGJADRYKKINN MARGFRÆGA, WHITE RUSSIAN. NJÓTIÐ VEL.

### GINGER MARTINI

- 6 cl Absolut Citron
- Sletta af engifersírópi
- Drykkurinn er hrærður og skreyttur með sultuðum engifer
- Borið fram í kokkeilglasi

### CAPRINHA

- Hrásykur
- 6 cl. Cachaca
- Mulinn ís
- Sletta af Sprite
- Lime

# KOKKTEILAR SEM BREGÐAST EKKI

### WHITE RUSSIAN

- 2 cl vodka
- 4 cl kaffilíkjör
- 3 cl rjómi
- Hristur eða byggður (lag-skiptur). Skraut eftir smekk.

### COSMOPOLITAN

- Tvöfaldur sítrónuvodki
- Einfaldur Cointreau
- Safi úr fersku lime
- Trönuberjasafi
- Hrist saman með klökum. Hellt í kokkeilaglas. Smáskvetta af Sprite sett út í lokin ef vill. Skreytt með sítrónuberki.

### VÍKINGA-KOKTEILL

- 1/2 hluti Campari eða Cinzano Bitter
- 1/2 hluti Grand Marnier
- 1/2 hluti vodki
- Smásletta af sítrónusafa



1

Drekktu lítra af vatni þegar þú kemur heim til þín. Þynnka er ekkert annað en vökvatn og þar með kemurðu veg fyrir það og líkaminn þinnar ekki upp.



2

Tvær Voltaren Rabid bólgueyðandi töflur. Verður eins og nýr eftir 80 mínútur.



3

Kældu andlitsgrímu og smelltu henni á hausinn á þér. Nákvæmlega eins og í American Psycho.



4

Farðu í gufu og losaðu alkóhólíð úr blóðinu og farðu svo í iskaldan sturtu.



5

Farðu illa klæddur út í vont veður. Kuldinn fær þig til að gleyma hausverknum og áður en þú veist ertu búinn að eyða þynnukunni en með kal á fingrum og tám.

**ÁFENGAR GOSBLÖNDUR ERU VINSÆLAR Á BÖRUNUM. HÉR ER AÐ SJÁLFSÖGÐU ÁTT VIÐ HINA SVOKÖLLUÐU ÞÍKUBJÓRA SEM ERU AÐ TRÖLLRÍÐA ÖLLU. ÞEIR FÁ NAFN SITT AF ÞVÍ AÐ KONUR EIGA FREKAR TIL AÐ DREKKA ÞÁ ÞÓTT ARNAR GRANT HATI EKKI AÐ FÁ SÉR EINN OG EINN BREEZER.**

**AGNES, EYRÚN, SOLLA OG BIRNA KOMA SÉR Í STUÐ.**

**D**að er ekki svo ýkja langt síðan hinir svokölluðu „þíkubjóra“ komu á markað. Síðan þá hefur fjöldi tegunda bæst við og fólk hefur ekki undan að prófa. Sirkus RVK fékk nokkrar dömur til þess að leggja mat sitt á þá flóru sem er í boði og segja hvort það sé þess virði að prófa eða ekki. Um leið er vert að nota tækifærið og spjalla við þær um drykkjumenningu okkar Íslendinga.

**RÚSSAR MEÐ YFIRVARASKEGG**

„Mér finnst strákar á djamminu alveg ótrúlega fallegir, en samt mjög sveittir“ segir Eyrún, nemi í sjúkrapjálfun. Stelpurnar eru sammála um að stákar eru mun opnari eftir nokkra bjóra, en að það sé þó óþolandi þegar þeir eru orðnir of drukkni og geta varla staðið í lappirnar en ætli sér samt að reyna við þær. „En það fer auðvitað rosalega eftir stöðum, hvernig tþpum maður lendir í,“ segir Birna Einarsdóttir, hönnunarnemi sem vinnur á leikskóla. „Já, ef þig langar í Rússa með yfirvaraskegg sem slær mann á rassinn, þá er tilvalið að mæta á skemmtistaðinn Victor. Það er morandi af þeim þar,“ segir Solveig Bjarnadóttir starfsmaður í Blómavali. „Þeir eru yfirleitt orðnir allt of fullir þegar þeir

**„ÉG HELD ÉG SÉ REYNDAR MUN BETRI Í RÚMINU FULL. EÐA KANNSKI EKKI HAUGAFULL, HELDUR EFTIR SVONA ÞRJA BJÓRA. ÞAÐ ER FREKAR ÞREYTANDI ÞEGAR MAÐUR ER SJÁLFUR EDRÚ OG KÆRASTAR KOMA FULLIR HEIM OG VEKUR MANN, ÞÁ VILL MAÐUR BARA LJÚKA ÞESSU AF.“**

reyna við mann og það kemur yfirleitt alltaf illa út.“ Eyrún kemur með áhugavert sjónarmið. „Mér finnst það samt meira stuð að djamma með stráku. Þeir eru ekki jafn miklar dramadrottningar.“ Stelpurnar eru sammála um að drama kynsystra þeirra á djamminu geti verið hreint helvíti.

**STELPUR METAST Á DJAMMINU**

Hvað með stelpur úti á lífinu? Hvernig haga þær sér? „Þær spjalla ekki mikið við aðrar stelpur, fara með vinkonuhópnum á djammað og nenna ekkert að kynna öðrum stelpum,“ segir Eyrún. „Eru alltaf að reyna að vera sexy á dansgólfinu, sem er sérstaklega fyndið þegar þær eru orðnar drukkna. Reyndi einhverjar taktlausar mjadmahreyfingar,“ segir Hera Þöll Guðlaugsdóttir líffræði- og eðlisfræðinemi sem nú hefur komið með innlegg í umræðuna. „Það er mikill metingur hjá stelpum á djamminu,“ segir Birna og Hera samsinnir. „Stelpur taka mikið eftir stelpum, það er samt alltaf skemmtilegt að sjá fallett kvenfólk,“ segir Hera.

**BETRI Í RÚMINU FULL**

Fullir karlmenn eiga oft á tíðum erfitt með að gagnast konum.

*Hvernig er að sofa hjá fullum manni?*

„Það er misjafnt, fer eftir hvort þú sért drukkin sjálf eða ekki,“ segir Hera og bætir við. „Það fer náttúrulega alveg eftir því hvað hann er fullur, það er mjög leiðinlegt þegar maður fær á tilfinninguna að verið sé að nota mann sem dollu.“ Solla hefur sínar kenningar varðandi kynlíf og drykkju. „Ég held ég sé reyndar mun betri í rúminu full. Eða kannski ekki haugafull heldur eftir svona þrjá bjóra. Það er frekar þreytandi þegar maður er sjálfur edrú og kærastar koma fullir heim og vekur mann, þá vill maður bara ljúka þessu af,“ segir Solla og hlær.

*Hvað með einnar nætur gaman*

„One night stand er viðbjóður,“ segir Eyrún. „Það taka allar stelpur One night stand tímabil, en bara mislöng.“

-KRV



**WOODY'S – ICE PASSION FRUIT**

**Agnes:** Fluttur á lítinn, fer vel við rauðan kjól.  
**Hera:** Það er mjög góð lykt af honum og hann er mjög mildur  
**Birna:** Frekar mikið áfengisbragð  
**Eyrún:** Ekki mikið ástaraldin bragð af honum en samt rosalega góður  
**Solla:** Lang, lang, bestur  
**Einkunn:** ★★★★★



**STELPURNAR GÁTU HLEGIÐ SAMAN.**

**SMIRNOFF TWISTED BERRY**

**Hera:** Þessi er rosalega góður, gæti alveg þambað þennan.  
**Birna:** Góður, gott berjabragð af honum og ekkert mikið áfengisbragð  
**Solla:** Mjög svalandi, gæti verið Egils Kristall með berjabragði algjörlega sá besti  
**Agnes:** Ég kaupir mér kippu af þessu næst, greinilegt að þessi er vel stúderaður, mjög góður.  
**Eyrún:** Flottar flöskur, ógeðslega góður, þessi er lang bestur.  
**Einkunn:** ★★★★★

**BREEZER TROPICAL ORANGE**

**Hera:** Það er ríkt áfengisbragð af þessum, rammur og vondur  
**Eyrún:** Ég gæti aldrei drukkið Egils appelsín eftir að hafa þambað þennan kvöldið áður.  
**Birna:** mér finnst þessi bara allt í lagi.  
**Solla:** Sveittur en myndi samt drekka hann ef ekkert annað væri í boði.  
**Agnes:** Minnir á appelsínupykkni.  
**Einkunn:** ★★★★★



**BREEZER -TROPICAL PINEAPPLE**

**Solla:** Fæ nasty tilfinningu fyrir honum, hann er ljótur á lítinn en er mjög góður á bragðið þessi kom mér á óvart  
**Hera:** Lyktin eins og sykurlaus ananas frostþinni, en hann er mjög frískandi  
**Eyrún:** Nákvæmlega eins og ananas með temmlega miklu áfengisbragði, minnir mig á Ananas lurk  
**Birna:** Þessi er mjög frískandi, örugglega mjög vinsæll  
**Agnes:** Pinacolada út en þessi inn þetta er svona ekta sumar drykkur  
**Einkunn:** ★★★★★

**BIRNA DREYMIN MEÐ GOSBLÖNDUNA**



**WKD – ORIGINAL VODKA RED**

**Eyrún:** Rífur í, hann tekur alveg í kverkana, er eiginlega eins og allt í lagi landi sem er ekki gott.  
**Hera:** Allt í lagi en ég fengi ógeð eftir einn, hann er samt fallegur á lítinn.  
**Birna:** Þessi er allt of sætur, en ekkert berja bragð, hann er bara frekar slappur.  
**Solla:** Það er þjúra gervibragð af honum, mér líður eins og að ég sé að drekka e-efni.  
**Agnes:** Hann er eins og vond bolla, ógeð  
**Einkunn:** ★★★★★

**WKD ORIGINAL VODKA BLUE**

**Eyrún:** Ógeð, hann er eins og væmið nammi.  
**Solla:** Fluttur á lítinn en eins og uppþvottalögur á bragðið.  
**Agnes:** Mér finnst hann rosalega góður, en minnir furðulega á jámbragð.  
**Hera:** Mjög skýrtinn, hann er samt fluttur á lítinn. Liggur við að það mætti leyfa hann í skólum.  
**Birna:** Ég myndi samt fá ógeð eftir nokkra.  
**Einkunn:** ★★★★★

**SPORID STIGIÐ ÞEGAR LEIÐ Á**

**JACK DANIELS**

Hera: Þarf að melta þennan aðeins, mjög skrýtið eftirbragð en ég finn fyrir sterku lime og engifer. Mér finnst hann góður.  
 Eyrún: Ógeð, ég æll, eitt af því ógeðslegast sem ég hef smakkað.  
 Agnes: Það er ríkjandi engifer og Whisky bragð af honum, bara finn.  
 Birta: Maður fær ábyggilega ógeð eftir tvo.  
 Solla: Mér finnst hann allt í lagi en samt skrýtin blanda.  
 Einkunn: ★★★★★

**SMIRNOFF BLACK ICE**

Hera: Ógeðslega góður, en skil ekki afhverju hann er ekki svartur.  
 Agnes: Þessi lítur út fyrir að vera alvöru rokkardrykkur, strákarnir þyrftu ekkert að skammast sín fyrir að drekka þennan.  
 Eyrún: Minnr á súran brjóstsykur, svolftið súr en samt alveg finn.  
 Solla: Hann er frekar hlutlaus á bragðið, maður verður líklega allt í einu drukkinn.  
 Birta: Þessi er alveg finn ef maður vill vera öruggur, jóladrykkurinn.  
 Einkunn: ★★★★★



# BESTI PÍKUBJÓRINN



**BACARDI BREEZER – WATERMELON**

Agnes: Frekar væmin, en frískandi.  
 Eyrún: Góður, þessi er frekar erótískur.  
 Birta: Það er alvöru melónubragð af honum.  
 Hera: Hann minnr mig ríkt á melónu, þessi er frískandi.  
 Solla: mikið áfengisbragð, hann er svolftið rammur en samt góður.  
 Einkunn: ★★★★★

HVER SEGIR AÐ ÞAÐ SÉ EKKI FJÖR AÐ DREKKA PÍKUBJÓR?



STÚLKURNAR TÓKU HLUTVERKIÐ ALVARLEGA



**SMIRNOFF ICE WITH A TASTE OF LEMON**

Agnes: þessi er geðvikur á bragðið, ferskur og gott eftirbragð.  
 Hera: Voðalega góður.  
 Solla: lyktin lofar góðu, en bragðið minnr mig á sóðastream límonaði.  
 Birta: mig finnst þessi væmin og mjög sætur á bragðið.  
 Eyrún: ferskur og jommi á litinn.  
 Einkunn: ★★★★★

SOLLA MEÐ ROKKARADRYKK Í HÖND.

AFLITABA HULDUKONAN VAFRAÐI UM EINS OG KJÁNI.

# HAVANA CLUB Í UPPÁHALDI

ERPUR EYVINDARSON ER ÞEKKTASTI ROMMDRYKKJUMAÐUR LANDSINS

„Ég hef alltaf verið mikill rommgaur,“ segir Erpur Eyvindarson rappari sem þekktur er fyrir aðdáun sína á Havana Club. „Þú finnu Blaz fullan á næsta pöbb, með glas fullt af – Havana Club,“ eins og segir í laginu. „Þegar maður var byrjandi í þessari starfsemi drakk maður Captain Morgan sem er bara eitthvað Smarties-romm, og Bacardi sem er wannabe Kúba.“ Árið 1995 var sem fjársjóðskista hefði opnast. „Þá fór bróðir minn til Kúbu og kom heim með þrjár tegundir af Havana Club. Dökkt sem er 7 ára, gult sem er 3 ára og hvítt sem er eiginlega aldurslaust. Eftir það varð ekki aftur snúið,“ segir Erpur sem hefur slátrað ófáum flöskunum af þessum ágæta drykk upp frá því. „Clubinn er frábært kúbverskt romm og í dag er ég að drekka 15 ára Havana Club, Havana Club Especial og Havana Club Barrel Proof.“

ERPUR VILL EKKERT SMARTIES-ROMM.

## BESTA VÍNID FYRIR BOLINN

Þorleifur mælir með: Guado Al Tasso er nafn á víngarði sem er í eigu Antinori-fjölskyldunnar í nágrenni Toskanahéraðs á svæði sem kallast Maremma. Tenuta Belvedere (Setrið), sem Guado Al Tasso-víngarðurinn er við, er ekki bara sumarsetur Piero Antinori, því þar er kappinn að rækta líka tómata, melónur, korn, kartöflur og ólífutré. Bolgheri er eitthvert mest spennandi ræktunarsvæði Toskana um þessar mundir sökum þess að þar hefur náðst frábær árangur með frönsku Bordeaux-þrúgurnar. Guado Al Tasso er búið til úr 60% Cabernet Sauvignon, 30% Merlot og 10% Syrah og er framleiðsla þess í mjög takmörkuðu upplagi. Þess má einnig geta að Guado Al Tasso hefur tvisvar sinnum verið inni á topp 100 yfir bestu vín að mati hins virta tímarits Winespectator, ekki slæmt af víni sem byrjað var að framleiða árið 1990. Vínið er mjög ákveðið með góðan ávöxt af kirsuberjum heldur en sólberrjum, margt leynt í víninu eins og ristað brauð, kaffi og dökkt súkkulaði, margslungið og vel balanserað vín með mjúkum tanninum og langvarandi eftirbragði.

Sannkallað hátíðarvín sem njóta ætti með villibráð, sérstaklega hreindýri og svo að sjálfsgöðu íslenska lambinu (sem er nú hálfpartin villibráð líka).

Og að lokum, ekki væri vitlaust að umhella þessu trólli lágmark 1. klst fyrir neyslu. Vínið fæst á sérlista ÁTVR á kr. 4.990,-

ÞORLEIFUR VEIT HVAD HANN SYNGUR  
ÞEGAR KEMUR AÐ VÍNUM.

# E

gætlaði mér aldrei að fara í samband með honum," segir Skjöldur Eyfjörð um fyrstu kynni sín af Magnúsi Jóhanni Vilhjálmssyni. „Magnús Jóhann hefur sömu sögu að segja. „Ég hafði engan áhuga á Skildi í fyrstu. Við kynntumst á skemmtistaðnum Jóni forseta í júní í fyrra þar sem ég vann og Skjöldur var skemmtanastjóri. Ég hélt að þetta yrði bara one night stand eða eitthvað slíkt en annað hefur komið í ljós," segir Magnús Jóhann en hann og Skjöldur trúlofuðu sig um síðustu áramót og eiga því eins árs afmæli eftir aðeins nokkrar vikur.

## HAFDI ÚTILOKAÐ ÁSTINA

Skjöldur er 27 ára, átta árum eldri en Magnús Jóhann, og segir að sér hafi ekki listit á aldursmuninn í fyrstu. „Mér fannst hann alltof ungur fyrir mig. Á þeim tíma sem ég kynntist honum var ég búinn að gefa þá von upp á bátinn að finna ástina hér á landi og var á leið til New York.“

*Hvað meinarðu með því að þú hafir verið búinn að gefa upp alla von á að finna ástina hér á landi?*

„Ímyndaðu þér að það væru bara nokkur hundruð konur hér á Íslandi sem hefðu áhuga á karlmönnum og þú þekktir þær allar og vissir að þú vildir ekki vera með neinni þeirra. Gay-samfélagið á Íslandi er svo rosalega lítið, þetta er í raun og veru eins og saumaklúbbur þar sem allir vita allt um alla. Ég gaf upp vonina þar til ég kynntist Magnúsi Jóhanni sem fyrir mér er ekki aðeins fallegasti maður landsins, heldur einnig með fallegustu sálina," segir Skjöldur einlægur.

## ALDIR UPP VIÐ SJÓINN

Þeir Skjöldur og Magnús Jóhann eru báðir aldir upp á landsbyggðinni, í sjávarsamfélögum. Feður þeirra beggja hafa unnið við sjómennsku og lengst aftur í ættir er að finna sjómenn og útgerðarmenn. Skjöldur bjó víða um landið áður en hann settist að í Reykjavík 16 ára gamall. Hann hefur búið á Reykhólum, Sandgerði, Vopnafirði, Patreksfirði, Kjalarnesi og Ólafsvík auk þess sem hann bjó um tíma í Danmörku. „Ég vissi alla tíð að ég var ekki eins og allir hinir og þegar ég kom út úr skápnunum kom það engum á óvart nema

kannski foreldrum mínum. Frá því ég opinberaði samkynhneigð mína fyrir ellefu árum hafa orðið ótrúleg umskipti til hins betra í viðhorfi fólks til samkynhneigðra.“

Magnús Jóhann er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum en flutti 9 ára til Noregs í lítinn bæ á suð-austurströnd landsins. „Ég ákvað að fara heim til Íslands þegar ég var 16 ára því ég sá mig ekki sem samkynhneigðan einstakling í litlu sveitahorpi í Noregi. Ég kom út úr skápnunum fyrir mömmu áður en sagði hins vegar þetta ekki fyrir en í apríl í fyrra. Ég bjó hjá ömmu og afa í Vestmannaeyjum og þar vissi enginn að ég væri hommi, en eflaust grunaði einhvern það. Síðan flyt ég til Reykjavíkur sumarið 2004 og kynnist Skildi fljótlega eftir það.“

## EFTIRSÓTTUR BITI

Magnús Jóhann er hávaxinn og glæsilegur ungur maður. Hann tók þátt í keppninni um Herra Ísland á dögnum en hlaut ekki náð fyrir augum þjóðarinnar sem sá um að velja sigurveggarann.

Það var slegist um hann þegar hann kom

út úr skápnunum á síðasta ári. „Ég fékk mikla athygli eftir að ég kom út úr skápnunum og það flugu inn SMS og þannig. Ég ætlaði mér ekki í samband en þetta ætlaðist svona. Ólíkt flestum vissi ég ekkert hver Skjöldur var því ég bjó úti.“

Skjöldur er einn af þekktari samkynhneigðu mönnum landsins og líklega er enginn með lengri ferilskrá en hann. Segja má að Skjöldur hafi prófað flest störf en segist hafa fundið köllun sína í hárgreiðslunni. „Ég ætlaði mér alltaf að læra hárgreiðslu strax þegar ég var 16 ára en lét ekki verða af því.“

Skjöldur sló í gegn í frístælkeppni Tónabæjar á unglingsárunum og eftir að hann flutti til Reykjavíkur, 16 ára gamall, hefur hann dansað í fjölda sýninga, orðið dragdrottning, rekið módelkrifstofu, kennt stúlkum að ganga, farðað, stíliserað myndatökur, tekið myndir, verið með sjónvarpsþátt, unnið við hárgreiðslu og svo má lengi telja.

„Hommar hafa þurft að glíma við ósvífari fordóma en flestir aðrir þjóðfélagshópar. Af einhverjum ástæðum hafa hommar þurft að setta sig við mun verri meðhöndlun en lesbíur. Skjöldur og Magnús Jóhann eru sammála þessu en segja þó að það sé mjög gott að vera samkynhneigður á Íslandi. „Ég held að ástæðan fyrir því að hommar hafi orðið verr úti er sú að flestallir fordómar eiga sér rætur meðal karlanna. Þá dreymir eflaust flesta um að fá einhvern tíma að vera með lessu," segir Skjöldur í létum dúr.

## EKKI ALLTAF AÐ HOMMAST

Kynlíf samkynhneigðra er mörgum gagnkynhneigðum mönnum mikið hugðarefni. Blaðamaður var búinn að ákveða sig áður en að viðtalinu kom að spyrja þá út í þessi mál. Ég kýli á það. *Hvað segiði strákar, eruð þið alltaf að hommast? Strákarnir skella báðir upp úr og hlæja góða stund.* „Nei við erum ekki alltaf að hommast," segir Skjöldur og segist hafa heyrt víðlíka spurningar áður. „Það er þessi hugsun að samkynhneigðir geri ekki neitt eða hugsu ekki um neitt annað en

kynlíf. Hjá okkur er þetta bara eins og hjá öllum þörum, auðvitað skiptir kynlíf máli en alls ekki öllu. Samband okkar er svo miklu dýpra en ég hef áður kynnst. Við berum mikla virðingu hvor fyrir öðrum og erum bestu vinir. En það þýðir ekki að við séum alltaf voða happy. Það koma dagar hjá okkur eins og öðrum sem eru ekkert sérstakir.“

## BARBÍ-HOMMAR

„Ólíkt því sem flestir halda þá eru ekki hlutverkaleikir í gangi hjá hommum. Það er hvorugur konan í sambandinu og hvorugur er kallinn," segir Magnús Jóhann aðspurður hvor leiki konuna og hvor karlinn í sambandinu. „Kosturinn við okkur er að við vegum hvorn annan upp. Við erum svo ótrúlega ólíkir á allan hátt. Hann er jarðbundnari á meðan ég er í háloftunum. Segja má að ég sé þessi týpíski barbí-hommi en hann ekki," segir Skjöldur, og vísar til þess að flestir halda að allir hommar hafi áhuga á tísku og uppteknir af útlitinu.

Að lokum ræðum við um framtíðina. Skjöldur er staðráðinn í að klára hárgreiðslunámið í Iðnskólanum og ætlar sér svo í meistaranum. Magnús Jóhann, sem stundar nám í Menntaskólanum í Hamrahlíð, er ákveðinn í að fara í flugskóla eftir stúdentsprófið. „Það er langt síðan ég ákvað það. Það kemst ekkert annað en flugið að hjá mér.“

Hjörvar Hafliðason



# HETTAST

„ÓLÍKT ÞVI SEM FLESTIR HALDA ÞÁ ERU EKKI HL

„ÉG HELD AÐ ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ AÐ HOMMAR HAFI  
ORÐIÐ VERR ÚTI SÉ SÚ AÐ FLEST ALLIR FORDÓMAR EIGA  
SÉR RÆTUR MEÐAL KARLMANNA OG ÞEIR SJÁ MIKIÐ AÐ  
HOMMUM EN DREYMIÐ EFLAUST FLESTA UM AÐ FÁ EIN-  
HVERN TÍMANN AÐ VERA MEÐ LESSUM.“

# TA HOMMAPAR ÍSLANDS

ÞEIR SKJÖLDUR EYFJÖRÐ OG  
MAGNÚS JÓHANN VILHJÁLMSOON  
HAFA VERIÐ TRÚLOFÐIR Í TÆPT  
ÁR OG ERU HAMIÐJUSAMARI EN  
NOKKRU SINNI FYRR. SÍRKUS  
REYKJAVÍK SETTIST NIÐUR MEÐ  
HEITASTA HOMMAPARI LANDSINS  
UM ÞESSAR MUNDIR OG RÆDDI  
VIÐ ÞÁ UM UPPVÖXTINN Á LANDS-  
BYGGÐINI, SKÁPINN FRÆGA,  
FYRSTU KYNNI OG FRÆGÐINA.

UTVERKALEIKIR Í GANGI HJÁ HOMMUM. HVORUGUR ER KONAN Í SAMBANDINU OG HVORUGUR KALLINN.“





SIRKUS MYNDIR- HEIÐAR



SIRKUS MYNDIR- VALLI

SIRKUS HELDUR ÁFRAM AÐ REYNA AÐ KOMAST AÐ ÞVÍ HVADNA PLÖTUSNÚÐUR VEIT MEST UM TÓNLIST. FJÓRÐA LOTAN KOMIN Í GANG OG ERU ÞAÐ ÞEIR HEIÐAR AUSTMANN OG ÁRNI EINAR ( ÖÐRU NAFNI ALFONS X ) SEM ERU AÐ BATTLA NÚNA. ÚRSLITIN UM HVER SÉ GÁFAÐASTI PLÖTUSNÚÐUR LANDSINS NÁLGAST ÓÐFLUGA.

# HEIÐAR AUSTMANN VS ALFONS X

SNÚÐARNIR HALDA ÁFRAM AÐ BATTLA UM HVER SÉ GÁFAÐASTI PLÖTUSNÚÐUR LANDSINS.

## 1. HVER SÖNG LAGIÐ EYES WITHOUT A FACE?

Heiðar: Billy Idol

Árni: Billy Idol



## 2. SYSTUR HENNAR TONI BRAXTON ENDURGERÐU GAMALT LAG MED DIANA ROSS ÁRIÐ 1996 Í NÚTIMABÚNINGI. HVAD HEITIR LAGIÐ?

Heiðar: The Boss

Árni: The Boss



## 3. HVADNA HLJÓMSVEIT GAF ÚT PLÖTUNA HOMEWORK?

Heiðar: Daft Punk

Árni: Daft Punk

## 4. HVAD HEITA STELPURNAR Í DESTINY'S CHILD?

Heiðar: Beyoncé, Kelly and Michelle

Árni: Beyoncé, Lisa Left Eye Lopez og Michelle



## 5. HVADNA STRENGJAKVARTETT SPILAÐI MED SIGUR RÓS Í LAUGAR-DALSHÖLLINNI ÞANN 27. NÓVEMBER SÍÐASTLIÐINN?

Heiðar: Vá. Þetta er rosaleg spurning. Ég veit það ekki

Árni: Amina

## 6. HVERNIG DÓ TUPAC SHAKUR?

Heiðar: Hann var skotinn

Árni: Hann var skotinn

## 7. EINN AF MEÐLIMUM HLJÓMSVEITARINAR TRABANT ER EINNIG PLÖTUSNÚÐUR. HVAD HEITIR HANN?

Heiðar: Ég skýt á Rassa Prump

Árni: Gísli Galdur Þorgeirsson

## 8. LEIKARINN MARK WAHLBERG VAR EINU SINNI RAPPARI OG ÞÁ HÉT HANN ÖÐRU NAFNI. HVADNA NAFN VAR ÞAÐ?

Heiðar: Marky Mark

Árni: Marky Mark



## 9. HVADNA HLJÓMSVEIT GERÐI LAGIÐ SHOULD I STAY OR SHOULD I GO?

Heiðar: Þetta er að sjálfsgöðu The Clash

Árni: The Clash

## 10. Í HVADNA LAGI KEMUR ÞESSI TEXTI FYRIR: „LIFE IS A MYSTERY, EVERYONE MUST STAND ALONE“?

Heiðar: Þetta er Madonna-lagið Like A Prayer

Árni: Madonna-lagið Like A Prayer



## 11. HVADNA BORG Í BANDARÍKJUNUM ER KÖLLUÐ FÆÐINGARSTAÐUR „GRUNGE“-ROKKSINS?

Heiðar: Þetta er ekki LA eða Boston. Er það ekki Seattle?

Árni: Seattle

## 12. HLJÓMSVEITIN JEFFERSON AIRPLANE SYNGUR UM SKÁLDSAGNA-PERSÓNU Í LAGINU WHITE RABBIT. HVADNA PERSÓNA ER ÞAÐ?

Heiðar: Þú segir nokkuð. Er það Mark Twain?

Árni: Ég kem því ekki fyrir mig



## 13. SÖNGKONURNAR DIONNE WARWICK OG ARETHA FRANKLIN HAFNA BÁÐ-AR SUNGIÐ LAGIÐ I SAY A LITTLE PRAYER. HVER SAMDI LAGIÐ?

Heiðar: Burt Bacharach

Árni: Veit ekki

## 14. HVER GAF ÚT HIPHOPPLÖTUNA TICAL?

Heiðar: Method Man

Árni: Er það nokkuð Redman?



## 15. FRÁ HVADNA LANDI KEMUR HLJÓMSVEITIN ROYKSÖPP?

Heiðar: Þeir eru frá Noregi

Árni: Bergen í Noregi

Eftir langa og erfiða baráttu er sigurvegurinn í þessari lotu Heiðar Austmann. Hann sigraði Árna með einungis einu stigi. Heiðar var með 12 svör rétt og Árni Einar 11. Undanúrslitin byrja í næsta blaði og þeir sem berjast um titilinn gáfaðasti plötusnúður landsins eru Ellen, Robbi Chronic, Adda og Heiðar. Fylgist með.....

## SVÖR:

1. Billy Idol 2. The Boss 3. Daft Punk 4. Beyoncé, Michelle og Kelly 5. Amina 6. Hann var skotinn 7. Gísli Galdur 8. Marky Mark 9. The Clash 10. Like a Prayer 11. Seattle 12. Lisa í Undirlandi 13. Burt Bacharach 14. Method Man 15. Noregi



DREIFBÝLISGÆJAR ARON OG RÚNAR KOMA ÚR REYKJANESBÆ.

SIRKUS MYND - VILHELM

## DREIFARAR KOMNIR Á MALBIKIÐ TIL AÐ MÁLA FLÓÐU REYKJANESIÐ Í LISTNÁM TIL ÍTALÍU

Í Gel Gallerí á Hverfisgötu eru tveir listamenn að nafni Aron Bergmann og Rúnar Jóhannesson búnir að koma sér fyrir. Fram til áramóta verða þeir í galleríinu með verk eftir sig til sölu og vinnustofu sem gestir geta einnig kíkt á. „Við erum tveir listamenn og ákváðum að reyna að drýgja tekjur okkar og gera eitthvað skemmtilegt í galleríinu,“ segir Aron Bergmann. Aron og Rúnar eru upprennandi listamenn sem flúðu Reykjanesið til Flórens í Ítalíu í listnám fyrir nokkrum árum. „Ég og Rúnar erum mjög góðir vinir og vinnum vel saman. Hann er einstaklega fallegur strákur.“ Eftir námið komu þeir heim og Aron opnaði Gel Gallerí með kærustunni sinni Önnu Siggu sem rekur hárgreislubúð inni í galleríinu. „Fólk er svo mikið á labbinu í miðbænum í kringum jólin og allir geta bara droppað inn, skoðað málverkin, keypt þau eða boðið í þau. Fengið sér líka eina hressa jólaklippingu,“ segir Aron. Það er sem sagt allt hægt þar á bæ. Einnig er hægt að láta strákana teikna skissumynd af sjálfum sér fyrir lítinn pening. „Þetta er líka liður í því að skapa stemningu í miðbænum,“ bætir Aron við að lokum.

-ÓHÓ

SO YOU THINK YOU CAN DANCE  
MIÐVIKUDAGA KL. 21.00

JÓNSSON & LE'MACKS • JLI.15



FRAMLEIÐENDUR AMERICAN IDOL KYNNA NÝJAN ÞÁTT ÞAR  
SEM LEITAÐ ER AÐ BESTA DANSARA BANDARÍKJANNA.

FYLGSTU MEÐ!



# Please yours ELF

HALLGERÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR HEFUR SKRIFAÐ BÓK UM KYNLÍF MEÐ ÁLFUM ÁSAMT SAMNEMENDUM SÍNUM Í LHÍ. HALLGERÐUR ER RÓTTÆK EINS OG FAÐIR HENNA – HALLGRÍMUR HELGASON.

## Í FÓTSPOR FÖÐUR SÍNS

**S**ýning á samstarfsverkefnum nema úr hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ og viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík stendur yfir um helgina í Hafnarhúsi, Listasafni Reykjavíkur. Sýningin ber yfirskriftina, Ný sýn í ferðamálum – „New Vision in Icelandic Tourism“. Átta hópar sýna afraksturinn af vinnu vetrarins.

Eitt af þeim verkum sem verða til sýnis er bók um kynlíf álfa og manna, Please yours ELF. Bókin fjallar um Hallgerði sem er álfakynlífsnörd. Hallgerður er alter-egó Hallgerðar Hallgrímsdóttur, nema í fatahönnun. Hallgerður er dóttir Hallgríms Helgasonar og á því ekki langt að sækja listagáfurnar. „Í bókinni er að finna viðtöl við fólk sem hefur stundað kynlíf með álfum. Hugmyndin gengur út á að fá íslenska túrista og erlenda til að ganga bara eina út í náttúruna með engan fararstjóra og upplifa náttúruna á nýjan hátt.

Upprunalega langaði hópinn minn, sem samanstendur af þremur fatahönnunarnemum og tveimur nemum í graffískri hönnun, að vinna með eitthvað í sambandi við álfa. Og yfir bjór á Sirkus (veitingastaðnum) datt okkur í hug að selja kynlíf með álfum á Íslandi. Í stað þess að gera eins og Flugleiðir gerðu, sem seldu íslenskar konur.“

En er þetta ekki dæmi um grófa álfafyrilitningu? „Nei, alls ekki, við berum mikla virðingu fyrir þeim og þeir fyrir okkur. Alla vegana höfum við ekki orðið fyrir neinum óhöppum ennþá.

Þeir gestir sem koma í Hafnarhúsið um helgina geta keypt bókina fyrir aðeins þúsundkall og þeir sem segja okkur kynlífsreynslusögu með álfi fá barmmerki sem á stendur *Fucked by an ELF*. Síðan verðum við þarna og erum tilbúin að ræða við fólk um verkefnið,“ segir Hallgerður og minnir í leiðinni á heimasíðu sína, elftruths.blogspot.com. Hægt verður að nálgast bókina í Nakta Apanum og Dogma.

Önnur verkefni á sýningunni eru: Veitingastaður í Botnsskála í Hvalfirði, Vala – nuddsteinn sem veitir einstaka upplifun, styttugarður á Mýrdalssandi, að vera persóna í Íslendingasögnum, Hrafnamennning, lúxushótel á fjöllum og ferðamenn sem lifa eins og útilegumenn.

Í ár veitir Ferðamálaráð Íslands peningaverðlaun til þeirra verkefna sem best þykja. Sturla Böðvarsson ráðherra ferðamála opnar sýninguna af því tilfni og afhendir verðlaun Ferðamálaráðs.

HH

HALLGERÐUR FETAR Í FÓTSPOR FÖÐUR SÍNS MEÐ SINNI FYRSTU BÓK.

„...ÞÁ DATT OKKUR Í HUG AÐ SELJA KYNLÍF MEÐ ÁLFUM Á ÍSLANDI. Í STAÐ ÞESS AÐ GERA EINS OG FLUGLEIÐIR GERÐU, SEM SELDU ÍSLENSKAR KONUR.“



HALLGRÍMUR HELGASON

SIRKUS MYND – STEFÁN

# SÍGAUNA STEMNING HJÁ GAULTIER

>> JEAN PAUL GAULTIER SENDIR FRÁ SÉR VOR/SUMAR LÍNU 2006

Jean Paul Gaultier er einn af virtustu fatahönnuðum heims í dag. Í haust sendi hann frá sér nýja línu sem var sýnd í tískuvíkunni í París. Margt í nýju línunni minnir á matador- og sígunastemningu. Voru aðalítrir svartur, gylltur, hvítur og rauður. Höfuðföt eru greinilega að koma í tísku og prýddu allskyns gerðir íturvaxnar fyrirseturnar. Jean Paul gerði sjómannaskyrtuna fræga og var meðal annars með þeim fyrstu að hanna pils á karlmenn. Þá hefur hann einnig hannað búninga fyrir fjölda kvikmynda, eins og *The city of Lost Children* og fyrir mynd Luc Besons *The Fifth Element*. Eins og frægt er orðið hannaði Gaultier búningana fyrir Madonna þegar hún fór í *Blonde Ambition*-túrinn árið 1990 þar sem hún var með keilubróstun frægu og aflitað hár.



>> FLOTT FJÖLSYLDA Í MATADOR OG SÍGUNARSTEMNINGU




>> FLOTTUR SUNDBOLUR

>> REYNIBER NOTUÐ SEM SKRAUT



>> ELEGANT OG TÖFF



>> SKRAUTLEGT HÖFUÐFAT

>> EINS OG ÚR FRÖNSKU BYLTINGUNNI



>> GYLLET OG SVART ERU ÁBERANDI LITIR Í VOR



>> KYNDOKKALEGUR BLÚNDUKJÓLL




>> JAPÖNSK STEMNING

>> SÓLHLÍF SEM MINNIR Á 18.ÖLD



>> FALLEGUR KJÓLL

LAGUNA BEACH  
ÞRIÐJUDAGA KL. 21.00



JÓNSSON & LE'MACKS • JLI:IS

EINN RÍKASTI OG FALLEGASTI STRANDBÆR  
Í HEIMINUM OG SIRKUS ER MEÐ ÓTAKMARKAÐAN  
AÐGANG AÐ 8 RÍKUM UNGMENNUM SEM BÚA ÞAR.

FYLGSTU MEÐ!



# 10

HVERJIR ERU BEST OG VERST KLÆDDU KARLMENN ÍSLANDS? SIRKUS RVK SETUR SIG EKKI Í NEITT DÓMARASÆTI HVAÐ ÞAÐ VARÐAR. ÞESS Í STAÐ VAR LEITAÐ TIL KVENNA SEM HAFU STERKAR SKOÐANIR Á KLÆÐABURÐI.

## BEST KLÆDDU KARLMENNIRNIR

### 1 JÓN ATLI HELGASON >>>

Hárgreiðslu- og tónlistarmaðurinn, Jón Atli Helgason, er best klæddi maður Íslands. Hann þykir alltaf flottur. „Hann er bríllíant. Með hugmyndaflug á við hátískuhönnuði,” sagði einn álitsgjafanna. „Soldið töff, góð stílisering... soldið naív en sko, hann mætti massa sig aðeins meira upp til að byggja góðan grunn fyrir töffnessið - af því að hann hefur auga skilurru!?” sagði annar álitsgjafi. „Það mættu fleiri taka hann sér til fyrirmyndar. Hann gaf þröngum buxum nýtt líf. Hann er líka óhræddur við að fá lánuð föt hjá kærustunni, þó ekki kjólana hennar en buxur og svoleiðis. Hann er líka einstaklega flottur í hvítum gallabuxum.”

3

### FROSTI MÍNUS

Þeir Mínusmenn kunna augljóslega að klæða sig því Frosti, gítarleikari sveitarinnar, hefur plantað sér í þriðja sæti listans á eftir kollega sínum, Krumma. „Alltaf mjög flottur, er bara töffari í húð og hár,” var meðal annars sagt um Frosta. „Smekklegur og snyrtilegur rokkari.” „Flottari en Krummi. Alltaf plain en flottur stákur.” „Tengi hann sem flottan Levis gaur, mjög flottur.” „Er tremma töff! Hann er chocolate nasty boy... slef... ég er að hugsa James Dean vs. ógesslega rokkað vs. gallabuxur vs. New York vs. Sexy skillurru!”

4

### ÁSGRÍMUR

Ásgrímur skoraði hátt hjá stelpunum. „Hann er náttúrulega bara geðveikur. Best klæddur af öllum,” sagði ein þeirra. „Ég kann vel við gaura sem fara ekki hefðbundnar leiðir í klæðavali. Hann er einn af þeim.” „Töff, töff, töff! Hann er nöttla það besta sem hefur happened fyrir tísku Icelandic boys, he's a fashion god.”

6

### ÞORVALDUR DAVÍÐ

Leiklistarneminn snoppufríði, Þorvaldur Davíð Kristjánsson, hafnaði í sjötta sæti í valinu best klæddi maður Íslands. Hann er sagður klæða sig öðruvísi, stundum skringilega en kann samt að klæða sig. „Hann getur verið í einhverjum afaskóm en samt látið þá líta vel út,” sagði einn álitsgjafinn. „MH-tíska. Ber það vel.” „Ógeðslega vel valinn stíll hjá honum, lítil óþekkur skóladrengur - deadly sexy!” „Bóhem. Skemmtilega klæddur og sætur í öllu.” „Hann er krútt. Ég hef aldrei séð hann í ljótum fötum.”

8

### RAGNAR KJARTANSSON

Ragnar Kjartansson, listamaður og söngvari hljómsveitarinnar Trabant, á sína spretti í klæðaburði. „Alltaf mjög herralegur og fint klæddur,” sagði ein daman. „Hann er flottur þegar hann er ekki á sviði, sjarmör.” „Hann er svona flott gamaldags, ekki þessi metró týpa.”

10

### GARÐAR CORTES

Söngvarinn ungi þykir smart í tauninu. „Æðislegur, perfekt, alltaf rosalega flottur,” sagði ein stúlka. „Klassískur og flottur.” „Herramaður.”

### 2 KRUMMI Í MÍNUS >>>

Krummi í Mínus var títtnefndur yfir best klæddu karlmenn landsins og var ekki útséð á tímabili hvort hann eða Jón Atli væru best klæddir. „Mér finnst hann virkilega flottur í leðurbuxunum,” sagði ein stúlkan án þess að hika. „Hann klæðir sig í föt sem henta algerlega hans týpu, töff.” „Pönkaralegur og setur annan svip á annars daufluga flóru í klæðaburði íslenskra karlanna.” „Hann er eini íslenski rokkarinn sem lítur vel út uppáklæddur.” „Hef húmor fyrir fatasmekk hans. Hann klæðir sig vel og opnaði dyrnar fyrir tight buxum.” „Eini karlmaðurinn sem ég hef séð sem kemst upp með að vera í þröngri tigerskyrtu.”

5

### SÖLVI SNÆR

Sölvi Snær, verslunarmaður, er metró týpan. „Mjög flottur,” að mati eins álitsgjafans. Hann er sagður vera alltaf með það og klikkar aldrei. Ein tók ansi djúpt í árinni og sagði: „Ég myndi treysta honum til þess að klæða kærastann.” „Alltaf smart, klassískur og með á nótunum.”

7

### DANÍEL ÁGÚST

Daniel Ágúst Haraldsson á verðskuldað sæti á listanum yfir best klæddu menn Íslands. „Mjög flottur. Fer sínar eigin leiðir.” „Hann getur verið klæddur í Shakespeare-galla en samt verið töffari,” sagði ein þeirra og skellihló. „Flottur í pels, fer ótroðnar slóðir.”

9

### SAMMI Í JAGÚAR

Samúel Jón Samúelsson var títtnefndur meðal best klæddu íslensku karlamannanna. „Spútnik-týpa. Fíla það alveg,” sagði einn álitsgjafinn. „Flottur lopapeysufílingur.” „Það er gaman að Samma. Hann er eins og gamall bóndi í útliti en klæðir sig eins og heimsborgari.”

### ÞESSIR ÞYKJA LÍKA FLOTTIR Í TAUNINU:

Páll Óskar Hjálmtýsson,  
Svavar Örn Svavarsson,  
Reynir Lyngdal  
og Jón Sæmundur Auðarson.



# VERST KLÆDDU KARLMENNIRNIR



1

## ÁSGEIR KOLBEINS

Klæðaburður fyrrum dagskrárstjóra Fm 957 fór fyrir brjóstið á mörgum álitsgjöfum. „Halló? Hann er síðasti hnakkamóhikaninn. Alveg sætur en ekki inn,” sagði ein stúlka. „Þessir rúllukragabólir sem hann er stundum í eru ekki að dansa,” hafði ein á orði. „Hann velur hræðilegar samsetningar.” „Hann er fastur í 90’s.” „Sko, það þarf einhver að kenna honum á ljósabekkin, hann er eins og steiktur karfi... en það er samt eitthvað sexy við það... minnir svoldið á forsetann.” „Einu skiptin sem hann sleppur í klæðaburði er þegar hann er í jakkafötum og skyrту. Þá gæti hann líka alveg eins verið í hvítum bol og íprótabuxum.”



3

## GUÐMUNDUR

Fyrrum sjónvarpsstjarnan, tónlistarmaðurinn og pistlahöfundurinn Guðmundur Steingrímsson hitti ekki í mark. „Guðmundur er alltaf eins klæddur og gerir aldrei neitt til þess að fríska upp á sig,” sagði ein stúlkan súr í bragði. „Svartur blazer og gallabuxur verða þreytandi til lengdar.” „Jakkaföt og strigaskór eru eitthvað sem ég hef aldrei skilið.” „Gummi frændi er lúði... ég er alltaf að kaupa töff föt á hann, en NEI, hann klæðir sig alltaf í föt af fokkin pabba sínum! Meira að segja nariur af honum!! ... how lame!?!?”



4

## HANNI

Trommarinn Jóhann Bachmann nær ekki að heilla dómurnar með klæðaburði sínum. „Hvað er maðurinn að spá? Heldur hann að það sé ennþá árið 1997? Skímó einkanúmerin eru dauð,” sagði ein þeirra. „Hann er prótótýpa af tjökkó.” „Þessar þröngu gallabuxur virka engan veginn.” „Alltaf í stuttum hnacka-jökkum.”



5

## JENNI

Þungarokkarinn geðþekki Jens Ólafsson þykir ekki beysinn í klæðaburði. „Hann hefur alla burði til þess að vera gæi en hann er bara allt of subbulegur,” sagði einn álitsgjafinn. „Það er ekki nóg að klæða sig í skítugar gallabuxur og hettupeysu. Rokkið krefst meira af mönnum.” „Hann virðist ekkert spá í það hverju hann klæðist.”



6

## BALTASAR

Baltasar Kormákur virðist vera of upptekinn til þess að hafa sig til. „Það er allt of mikið að gera hjá honum að hann hafi tíma til þess að hugsa um klæðaburð,” sagði einn skilningsríkur álitsgjafi. „Þessar mussur sem hann er alltaf í voru í tísku áður en hann fæddist.” „Hann er ekki flott klæddur þrátt fyrir að vera gullfallegur.” „Á til að vera í allt of stórum jakkafötum.”



2

## EGILL GILLZENEGGER

Frægasti maður Íslands fékk óblíðar móttökur hjá mörgum álitsgjöfum. „Þessar stuttu buxur sem hann var alltaf í í sumar voru kjánalegar.” „Hann er fallegastur á keisarans klæðum,” sagði ein þeirra. „Soldið girly still... höfðar ekki til mín skiluru, ég fell ekki fyrir svona stíl lengur, of þröng föt eru dead give away fyrir gays,” sagði önnur. Reyndar virtust margar vera að dæma skort hans á fötum. „Frekar halló. En reyndar hef ég ekki séð hann í fötum þegar ég fer að hugsa um það.” „Gæinn er aldrei í fötum. Það getur varla kallast að vera vel klæddur.”



7

## BRYNJAR MÁR

Útvarpsmaðurinn Brynjar Már Valdimarsson, eða Binni strípa, þykir ekki sá flottasti í tauinu. „Rauði jakkinn er líklega sá ljótasti í Íslandssögunni,” sagði ein daman og önnur tók upp þráðinn. „Það er ekki það að hann leggi sig ekki fram, en guð minn almáttugur. Hann veit ekkert hvað hann er að gera.” „Fyndið að hann hafi gefið út RnB lag og klæðir sig eins og Leoncicé.”



8

## SIGGI Í HUÁLUM

Sigurður Guðmundsson, Hjúlmur með meiru, var að mati margra álitsgjafanna ekki smart. „Að-eins of mikill ullarsokkur,” sagði ein án þess að útskýra það neitt nánar. „Ég er ekki hrifin af homie sveitalúkki í hátískuborginni Reykjavík.” „Hann er ekki flott klæddur en það passar samt einhvernvegin við hann.”



9

## HELGI ÞÓR

Ungstirnidd Helgi Þór Arason rataði á þennan vafasama lista. „Hann er ótrúlega týndur í klæðaburði, veit ekkert hvernig hann á að vera,” sagði einn álitsgjafi. „Þessi hvíti jakki sem hann er í á sviðinu virkar ekki.” „Hann er ungur og þarf að finna sig.”




10

## GEIR ÓLAFS

Hjartaknúsarinn og kvennagullið Geir Ólafsson breytti um stíl fyrir nokkrum misserum. „Eftir að hann hætti að klæðast eingöngu jakkafötum hefur standard hans hrunið.” „Geir Ólafs er hallærislegasti maður í heimi. Svokallað tiskuslys.”

### ÞESSIR ÞYKJA EKKI FLOTTIR Í TAUINU

Auðunn Blöndal, Þórður Helgi Þórðarson þ.e.a.s. Doddi litli eða Loveguru, Friðrik Ómar Hjörleifsson, Davíð Smári Harðarson.



Elisabet Thorlacius, fyrirsæta, Emilia Björg Óskarsdóttir, söngkona, Alfrún Pálsdóttir, verslunarstjóri Centrum, Ása Ottesen eigandi Gyllta kattarins, Silvía Nótt, Ellen Loftsdóttir, plötusnúður, Hafþrún Alda Karlsdóttir, verslunarstjóri Spúttnik. Lára Rúnarsdóttir, tónlistar- og körfuknattleikskona. Iðunn Andersen, fátahönnuður og tónlistarkona. Sóley Kristjánsdóttir, plötusnúður og sálfræðinemi.

DÓMNEFNDIN



97.7  
X-LISTINN  
TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Limp Bizkit	Bittersweet Home
2.	White Stripes	The Denial Twist
3.	Queens Of The...	Burn The Witch
4.	4. Strokes	Juice Box
5.	Dikta	Someone Somewhere
6.	Hard-Fi	Living For The Week...
7.	Korn	Twisted Transistor
8.	Ampop	My Delusions
9.	Weezer	Perfect Situation
10.	Kasabian	Reason Is Treason
11.	Foo Fighters	Doa
12.	Fall Out Boy	Sugar, Were Going...
13.	Cynic Guru	Catastrophe
14.	Nada Surf	Always Love
15.	Vax	Your Hair Is Stupid
16.	Depeche Mode	Precious
17.	My Chemical R...	The Ghost Of You
18.	A.I.	Bottoms Up
19.	Lada Sport	Summertime In Outer...
20.	Dr. Mister & Mr....	Kokaloca



FM 95.7  
ÍSLENSKI  
LISTINN  
TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	NickelBack	Photograph
2.	Kayne West	Golddigger
3.	Bon Jovi	Have A Nice Day
4.	Sálin	Undir Þínum áhrifum
5.	Click Five	Just The Girl
6.	311	Don't Tread On Me
7.	Mattafix	Big City Life
8.	James Blunt	High
9.	Pussycat Dolls	Stick Wit U
10.	Marcos Hernandez	If Your Were Mine
11.	Simon Webbe	Lay Your Hands Down
12.	Daniel Powter	Bad Day
13.	Crossfade	Cold
14.	Gawin Degraw	Follow Through
15.	Madonna	Hung Up
16.	Backstreet Boys	Crawling Back To You
17.	Lee Ryan	Army of Lovers
18.	Chris Brown	Run It
19.	Jónsi	Ef Þú Svarar Mér
20.	50 Cent	Window Shopper



# KOMNIR MEÐ ÓGED Á FOO FIGHTERS- UMRÆÐUNNI



NILFISK ERU BÚNIR AÐ SENDA FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU PLÖTU

Fyrsta plata drengjanna í Nilfisk frá Stokkseyri og Eyrabakka er komin í allar betri hljómplötuverslanir bæjarins. Platan, Don't run after your own apples, var tekin upp í Stúdíó Sýrlandi og dreift af 12 tönum.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því rokkþyrstir Íslendingar fengu fyrst að sjá Nilfisk með berum augum í Laugardalshöllinni fyrir rúmum tveimur árum síðan. Strákarnir hafa síðan þá tekið stórstigum framförum og þau lög sem strákarnir hafa sett í spilun á netútvarpsstöðvum hafa fallið vel í kramið hjá hlustendum.

Sirkus Rvk hittir strákana í Skaftahlöðinni nokkrum klukkustundum áður en nýja platan lenti á klakanum en hún var fjöldaframleidd í Danmörku. Þrátt fyrir að drengirnir séu óhemjusvalir leyndi spennan sér ekki. Þeir gátu vart beðið eftir því að fá afkvæmi sitt í hendurnar.

Víðir Björnsson eða Viddi gítarleikari er málgláðasti meðlimur hljómsveitarinnar. „Auðvitað erum við mjög spenntir. En það fer af stað mikil vinna við að fylgja plötunni eftir, þegar hún kemur út,“ segir Viddi en strákarnir ætla að leggja land undir fót næstu vikurnar og koma víða fram á landsbyggðinni sem og hér í borginni. Reyndar eiga þeir að vera að læra undir próf þessa dagana en rokkið á hug þeirra allra um þessar mundir.

Eins og alþjóð veit var það Dave Grohl,



forspraki bandarísku roksveitarinnar Foo Fighters sem uppgötvaði þá drengi þegar hann rann á hljóðið frá þeim í bílskúr á Stokkseyri. Það lá beinast við að spyrja þá fjórmenninga hvort þeir ætli ekki að senda Foo Fighters eintak af disknum. Strákarnir horfa á blaðamann eins og þeir vilji helst ganga í burtu. „Jú, eflaust verður það

gert,“ segir Viddi sem er kurteisastur þeirra félaga. Það má sjá á svipbrigðum drengjanna að þeir eru komnir með hálfgerð óged á endalausri Foo Fighters-umræðu. Þeir vilja vera þekktir fyrir sína tónlist en ekki sem gæjarnir sem tóku eitt lag áður en Foo Fighters steig á stökk í Laugardalshöllinni.

## VÆMIN OG FLJÓTGLEYMDUR

Jónsi hefur alltaf komið vel fram kallinn, hann er góð fyrirmynd fyrir unga krakka og er með sjálfstraustið í lagi. Ég hef alltaf virt hann fyrir það að hann kemur til dyranna eins og hann er klæddur. En allavega, Jónsi er nýbúinn að gefa út sína fyrstu sólóplötu sem heitir því einfalda nafn „Jónsi“. Ég skellti diskinn í tækio og hlustaði á hann með jákvæðu hugarfari. Eftir að hafa hlustað á hann út í gegn komst ég að einu, Jón Jósef er Íslands svar við Celine Dion. Sem dæmi er lagið „Ég elska þig svo mikið“ er svo mikil tilfinningavella að mig verkjaði í gómnum. Diskurinn fer aldrei á neitt almennilegt flug verður bara fastur í einhverju væmnu tilfinningabulli. „Grænuengi“ er sérstaklega vont lag. En þrátt fyrir það verð ég að viðurkenna að byrjunarlagið „Til Stjarnanna“ kom mér skemmtilega á óvart og er einstaklega vel útfært og skemmtilegt. Einnig kemur lagið „Gló“ vel út og er skemmtilega blúsað popplag. Platan er yfirhúfuð vel unnin en einhvern veginn fær maður á tilfinningunni að það sé bara verið kreista út frægðina hans. En diskurinn er fljótgleymdur og alveg hrikalega væmin.

Óli Hjörtur Ólafsson



PLÖTUDÓMUR

PLÖTUDÓMUR





# ENGINN ÞUNGLYNDISJASS

PABBI STÓR ÁHRIFAVALDUR Í TÓNLISTINI

Djassinn lifir á Íslandi og er Eyjólfur Þorleifsson lifandi sönnun þess. Nýlega kom út sólóplata eftir þennan sniðuga djasstónlistarmann. Hún heitir því einfalda nafni „Tónar“ og gefur Eyjólfur hana út sjálfur en Smekkleysa dreifir gripnum. Eitt lag af plötunni er tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem lag ársins og er það lagið „Ég leitaði Þín“. Sirkus Rvk kíkta á hann Eyjólf.

## PLATAN OG BÖNDIN

„Þetta er mjög melódísk plata. Hún er ekki þung og er frekar auðskilin. Það er ekkert við hana sem mætti kalla þunglyndislegt. Þetta er svona hress plata,“ segir Eyjólfur djassari einnig mjög hress um sólódjassplötuna sína „Tónar“ sem hann var að gefa út nú á dögum. Helmingurinn af plötunni er sunginn við texta Braga Valdimars Skúlasonar sem er í Baggalútsklkunnni og fleiri góðir hjálpa til, meðal annars söngkonan Hildur Guðný Þórhallsdóttir og Tómas R. Einarsson sem er á kontrabassa. Eyjólfur segir að mörg lög á plötunni séu undir miklum áhrifum frá bossanova-tónlist sem er upprunnin frá Brasilíu. Hann Eyjólfur var í hljómsveitinni Jagúar í tvö ár og hefur verið að takast á við ýmsa tónlist og er búinn að vera viðloðinn djassinn í langan tíma að hans sögn. Í dag er hann að spila í bandinu Desmond og í tríóinu Póstberarnir og héldu þeir stóra tónleika á síðustu djasshátíð þar sem þeir tóku lögin hans Megasar og settu í djassbúning. Eyjólfur sagði að þeir ætli að halda aðra þannig tónleika eftir áramót þar sem færri komust að en vildu á síðustu tónleika. Einnig er hann nýútskrifaður úr djassdeild F.Í.H. sem saxófónleikari og útskrifaðist Ragnheiður Gröndal með honum af sömu braut.

**„ÉG BYRJAÐI AÐ HLUSTA MJÖG SNEMMA Á TÓNLIST OG ÉG HUGSA AÐ ÉG HAFI VERIÐ TÝPÍSKT NÖRD ÞANNIG SÉÐ. ÉG HLUSTAÐI Á DJASS Í VASADISKÓINU FYRIR 10 ÁRA ALDUR.“**

## TÓNLISTARÁHUGI OG DJASSINN

Djassáhugi hans Eyjólfss kom á unga aldri þar sem hann kemur úr tónelskri fjölskyldu en faðir hans er Þorleifur Gíslason saxófónleikari. „Ég byrjaði að hlusta mjög snemma á tónlist og ég hugsaði að ég hafi verið týpískt nörd þannig séð. Ég hlustaði á djass í vasadiskóinu fyrir 10 ára aldur. Sem krakki var pabbi minn ákveðin fyrirmynd, einnig íslenski saxófónleikarinn Rúnar Georgsson sem og Dexter Gordon. Þeir hafa verið mjög miklir áhrifavaldar,“ segir Eyjólfur. Djasssenuna á Íslandi segir hann vera alltaf að stækka. „Ég mundi segja að senan sé mjög góð og áhugi fyrir djass sé alltaf að aukast vegna þess að þetta er að tengjast miklu meira. Djass er ekki lengur eins og hann var árið 1950. T.d. fólk eins og Norah Jones sem hefur hjálpað öðrum til að skilja að djass er svo margbreytilegur. Mér finnst orðið mjög erfitt að skilgreina djass en hins vegar er það jákvætt vegna þess að það eru svo margar tónlistarstefnur að blandast við djassinn.“ bætir Eyjólfur við. Hvernig er framtíðin síðan fyrir hann Eyjólf? „Það gengur allt bara frábærlega og það eru bjartir tímar fram undan.“

-ÓHÓ

SIRKUS MYND – HARI

# EINS OG GÓÐUR KONFEKTMOLI

Hún kallar sig Solla. Hún heitir örugglega Sólveig en hún kallar sig Solla. Þú kannski hefur ekki heyrt mikið um hana getið en ég get lofað þér því að innan skamms verður þessi stelpa á allra manna vörum. Út var að koma geisladiskur sem að hún gerði í samvinnu við bróðir sinn Samma, funkúrúinn í hljómsveitinni Jagúar. Platan kallast „Melodia“ og eru 3 frumsamin lög á plötunni eftir hann Samúel. Önnur lög á plötunni eru gömul klassísk lög eftir gamla tónlistarsníllinga eins og Ennio Morricone, Henry Mancini og Burt Bacharach. Sjálfur Páll Óskar syngur með henni lagið „We have all the time in the world,“ og er ótrúlega fallegt hjá

þeim báðum. Útkoman er einstaklega ljúf og skemmtileg plata, er eins og góður konfektmoli á tímum. Solla er með fallega og ljúfa rödd sem að passar vel fyrir gamla „sixties“ lög eins og hún tekur á plötunni. Hins vegar væri ég til að heyra hana gera eitthvað meira krefjandi en framtíðin mun leiða það í ljós. Íslensku lögin eru einstaklega falleg og vel útfærð til dæmis eins og lagið „Draumur“ sem gerir fylu-poka að brosköllum. En uppáhaldslagið mitt á þessari plötu var án efa „Nothing To Lose“ eftir Mancini. Þetta er einstaklega falleg plata og gæðagripur.

Óli Hjörtur Ólafsson



RENNUR LJÚFLEGA Í GEGN

SOLLA MELODÍA

★★★★☆

## MEST SELDU LEIKIRNIR



KING KONG KLIFRAR UPP LISTANN.



1. GRAND THEFT AUTO: LIBERTY CITY
2. PURSUIT FORCE
3. NEED FOR SPEED MOST WANTED 510
4. STAR WARS BATTLEFRONT 2
5. HARRY POTTER AND THE GOBLET OF...
6. CRASH TAG TEAM RACING
7. FIFA 06
8. PRO EVOLUTION SOCCER 5
9. BURNOUT LEGENDS
10. MEDIEVIL RESURRECTION



1. SIMS 2 CHRISTMAS PARTY PACK
2. NEED FOR SPEED MOST WANTED
3. BATTLEFIELD 2 SPECIAL FORCES
4. CALL OF DUTY 2
5. FOOTBALL MANAGER 2006
6. WORLD OF WARCRAFT
7. CIVILIZATION 4
8. SIMS 2 NIGHTLIFE
9. AGE OF EMPIRES 3
10. KING KONG



1. STAR WARS BATTLEFRONT 2
2. NEED FOR SPEED MOST WANTED
3. KING KONG
4. FIFA 06
5. CRASH TAG TEAM RACING
6. TONY HAWK AMERICAN WASTELAND
7. ULTIMATE SPIDERMAN
8. PRO EVOLUTION SOCCER 5
9. INCREDIBLES 2 RISE OF THE UNDE
10. GUN



1. SINGSTAR '80S (MEÐ MÍKRAFÓNUM)
2. SINGSTAR '80S (LIFHERMIR)
3. NEED FOR SPEED MOST WANTED
4. RATCHET: GLADIATOR
5. STAR WARS BATTLEFRONT 2
6. HARRY POTTER GOBLET OF FIRE
7. BUZZ
8. EYETOY PLAY 3 CAMERA BUNDL
9. FIFA 06
10. KING KONG



# BESTA GRÍNHD NÚ TIL DAGS

Einhverjir bestu grínþættir sem framleiddir hafa verið í lita-sjónvarp eru komnir á DVD, Little Britain. Það eru þeir Matt Lucas (sköllótti gæinn) og David Williams sem fara með nánast öll hlutverkin í þáttunum auk þess sem þeir skrifa þættina.

Í þáttunum er að finna einhverjar mögnuðustu persónur sem stigið hafa á stokk í sjónvarpsþáttum. Og ólíkt flestum þáttaröðum þá verða þættirnir aðeins betri og betri og karakterarnir myndnari og myndnari.

### BESTU TÝPURNAR Í ÞÁTTUNUNU ERU;

**HOMINN DAFYDD:** Hann er eini hominninn í bænum að eigin sögn og leiðist það mjög. Honum er mikið í mun að allir viti að hann sé hommi og er ekkert að fara í felur með það. En um leið og fréttist af nýjum homnum í bænum verður hann afbrigðissamur og vill ekkert með þá hafa. Ekki er vitað til þess að hann hafi átt í sambandi við annan karlmann en hann heldur því þó statt og stöðugt fram að hann sé hommi.

Vinimir **LOU OG ANDY:** Lou er líklega einn vandaðasti maður í heimi. Hann er til í að gera allt fyrir vin sinn Andy sem er í hjólastól. En það sem Lou veit ekki er að Andy getur vel

gengið og náð sér í það sem honum vantar. Hann bara nennir því ekki. Lou greiðir fer út um allan bæ og gerir það sem Andy vill. Ógleymanlegt atriði er þegar Andy bað Lou um að mála herbergið sitt rautt og þegar Lou hafði lokið störfum tjáði Andy honum að hann líkaði ekki liturinn og vildi breyta.

Aðrir magnaðir karakterar eru m.a. hún **VICKY POLLARD** sem er óþolandi unglíngur sem aldrei hefur gert neitt af sér að eigin sögn, reykir eins og strompur, alltaf borðandi og sofandi hjá strákum. Þá er Marjorie Dawes mögnuð týpa sem hvetur fólk til að leggja af en er samt spikfeit sjálf en telur sér þó í trú um að hún sé í góðu ásigkomulagi.

Þeir **MATT LUCAS** og **DAVID WILLIAMS** hafa skapað sér í flokk meðal myndnustu leikara samtímans og þá Lucas sérstaklega. Hann hefur einstakt lag á því að koma áhorfendum til að hlægja jafnvel þó hann segi ekki neitt.

Little Britain er skotheld jólagjöf til grínarans og allra þeirra sem kunna að meta hágæða breskt grín.

-HH

## FÍNN VESTRI

### TÖLVULEIKJADÓMUR

Maður myndi halda að þriðju persónu skot-leikur í anda Grand Theft Auto sem gerist í villta vestrinu og er með Kris Kristofferson sem einn af aðalróddunum gæti ekki klikkað, en það er ekki alveg svoleiðis. Ekki mis-skilja mig, Gun er alveg „góður“ leikur í þeim skilningi, góðu hliðarnar á honum vega sem betur fer örlítið þyngra en þær slæmu. Eins og í alvöruvestra er GUN að sjálfsögðu fullur af ofbeldi, hórur, viski og slatta af blóði. Aðalsöguhetjan, Colton White eyðir sínum tíma í það að hjálpa föður sínum Ned við það að veiða og fanga hin ýmsu kvikindi í Montana. Þeir feðgar komast svo í hann krappan á fljótabáti einum og endar það með því að Ned deyr. Rétt áður en gamli maðurinn deyr réttir hann Colton dularfull-

an pening og tjáir honum að hann sé ekki raunverulegur faðir hans. Hann segir Colton að fara með peninginn til Dodge City og inn á Alhambra-krána og sýna vændiskonu að nafni Jennu myntina. Upphefst þá mikill eltingaleikur um gjörvallt villta vestrið þar sem Colton reynir að komast að sannleikanum á bak við dauða Neds og myntina dularfullu. **Gott:** Frábær söguþráður með vel leiknum og flottum senum á milli hasarsins, og ekki skemmir fyrir að elífartöfvarinn Kris Kristofferson talar inn á fyrir pabba Coltons. Góð tónlist sem fellur vel inn í leikinn. **Slæmt:** Alltof auðveldur og stuttur leikur, söguþráðurinn er keyrður á því líkum hraða áfram og leikurinn er búinn áður en maður veit af. Frekar pirrandi stýringar, get einhver-



GUN Á PLAYSTATION 2 ★★★★★

vegin aldrei vanið mig á það að nota analag helvítin.

Jóhann Ólafur

# SKÖLLÓTTI SNILLINGURINN

GRÍNDÁVALDURINN SAILESH ER BÚINN AÐ GEFA ÚT ÓTRÚLEGA MAGNAÐANN DVD Í SAMVINNU VIÐ EVENT. SAILESH DISKURINN ER STÚTFULLUR AF HÁGÆÐA AUKAEFNI.

Dávaldurinn Sailesh er búinn að slá all rækilega í gegn hér á landi og orðinn ein stærsti Íslandsvinurinn. Núna er kominn út DVD- diskur sem greinir frá sigurför hans um okkar fállega frón. Diskurinn er fjögurra tíma langur og er einstaklega þéttur og uppfullur af efni.

## 10 Á DÖNSKUPRÓFI

Fyrst er byrjað á því að sýna upphaf markaðsherferðarinnar með dávaldinum. Þá var rúntað með hann milli framhaldsskóla þar sem hann hreinlega sló í gegn. Eitt atriði stendur sérstaklega upp úr. Það var þegar dávaldurinn gerði sér lítið fyrir og dáleiddi stúlku sem var á leið í munnlegt dönskupróf. Stúlkan sem varð fyrir barðinu var ekki sérlega liðtæk í dönskunni áður en sá sköllótti lét til skarar skriða. Skemmst er þó frá því að segja að stúlkan fékk hvorki meira né minna en 10.0 á prófinu hjá kennara sem hafði aldrei fyrr gefið slíka einkunn. Þá er einnig magnað þegar hann lætur tvo Verslinga ganga um skólann haldandi að þeir séu máttlausir í fótunum. Það er fyndið.

## NAKINN Á BROADWAY

Diskurinn er hlaðinn aukaefti. Alls 160 mínútur. Þá eru sýnd öll framhaldsskólasjóvin, öll viðtöl sem þeir fóru í til þess kynna stöfðið. Þar gefur til að mynda að líta óborganlegt viðtal sem strákarnir í 70 mínútum tóku við hann. Þar dáleiddi Sailesh þá Pétur Jóhann og Auðunn og fékk þá til þess að sprella sem aldrei fyrr. Aðalsnilldin við aukaeftið er þegar sýnt er frá XXX sýningunni sem var á Hótel Íslandi þar sem Sailesh fékk fólk til þess að riðlast á stólum, stynja og einn gestanna klæddi sig úr og stóð upp á sviði á Adamsklæðum.

## FLOTTUR PAKKI

Þessi diskur er einstaklega vel heppnaður og góð heimild um ferðalög Sailesh um landið. Það er ótrúlegt að þessi maður skuli eingöngu vera stórstjarna hér landi. Það sýnir og sannar að það hefur enginn meira gaman að því að hlæja að náunganum en Íslendingurinn. Ég hef oft kallað



SAILESH DVD

★★★★★

Sailesh „White trash dávaldinn“ þegar ég er með vinunum. Ég tek það til baka. Hann er flottur.

Hjörvar Hafliðason



## DAPURT FRAMHALD

TÖLVULEIKJADÓMUR

Þetta er eiginlega frekar slakt framhald af True Crime: Streets of LA, sem var ágætis GTA-stæling. Fyrirverandi klíkumeðlimur gerist lögga í New York og ákveður að hreinsa aðeins til á Manhattan-eyju með tilheyrandi látum og blóðbaði. Maður kemst í ágætis gangsta-rappfíling þegar maður spilar leikinn, og það er gaman að skjóta hvern sterahausinn í hlýraból á eftir öðrum, en leikurinn verður samt fljótt þreytandi. Stýringarnar eru slappar og frekar pirrandi finnst mér. New York kemur samt nokkuð vel út í leiknum og það er hægt að taka góðan hring um Manhattan og skoða sig um ef maður vill, en það nær ekki að bæta fyrir frekar leiðinlegt gameplay.

Gott: Flott grafík og fin tónlist. Nokkrir flottir



TRUE CRIME: STREETS OF NEW YORK Á PLAYSTATION 2

★★★★★

sem tala inn á leikinn, eins og Christopher Walken og Laurence Fishburne. Slæmt: Leiðinlegar stýringar, of mikið reynt að gera leikinn „bannaðan“ með því

að hafa nógu andskoti mikið blóð og láta aðalsöguhetjurnar segja „fuck“ í öðru hverju orði.

Jóhann Ólafur



LEIKURINN ÁTTI AÐ VERA SVAR VIÐ GRAND THEFT AUTO EN ÞAÐ MISHEPPNAST ARSAMLEG



SIRKUS RVK FER ÓTROÐNAR SLÓÐIR HVAD FLESTALLT VARÐAR. OPINN FYRIR TÆKNINÝJUNGUM OG FORDOMALAUS MEÐ ÖLLU. Í STAÐ ÞESS AÐ BIRTA LESENDABREF VILL SIRKUS FREKAR FÁ SENDAR MYNDIR ÚR SÍMUM FOLKS Á SIRKUSMYNDIR@365.IS. ÞAÐ VAR DORI V. ÚR VESTURBÆNUM SEM REIÐ Á VAÐIÐ OG SENDI OKKUR MYNDIR SEM HANN TÓK Á LEAVES-TÓNLEIKUM Á GRAND ROKKI UM SIÐUSTU HELGI.



ARNAR Í LEAVES.



HLYNUR Í TELEPATHETICS.



ARNAR Í LEAVES ER Í FANTAFORMI.

# LEAVES Á GRAND ROKKI

Það var ekki troðið á tónleikunum en samt var stemningin í toppklassa. Fyrst steig á sviði nýstímið Jara og tók nokkur lög. Hún var krúttleg með rauðvinsglasið og gítarinn og heillaði nærstadda upp úr skónum. Því næst var komið að hljómsveitinni Telepathetics sem er að stíga sín fyrstu skref. Nafnið er allavega gott og verður fróðlegt að sjá það sem koma skal. Loks var komið að Leaves en strákarnir í bandinu eru nýkomnir heim frá Bretlandi þar sem þeir spiluðu nokkra tónleika án Arnars Ólafs sem hætti á dögnum í bandinu. Arnar lét sig hins vegar ekki vanta á tónleikana og tók meðal annars í reykvélinu fyrir gömlu félagana. Virkilega vel heppnaðir tónleikar í alla staði. Sendu okkur myndir á sirkusmyndir@365.is og örstutta línu með þar sem myndefnið er útskýrt.



EINHVER DJÖFULL ÓÐ INN Á SVIÐ OG FÓR AÐ SPILA Á HLJÓMBORÐIÐ. HANN FÉKK FLUGFERÐ.



FRÆNDURNIR EYÞÓR OG HLYNUR Í TELEPATHETICS SNÚA BÖKUM SAMAN.



ARNAR ÓLAFS MÆTTI ÁSAMT AGNESI KÆRUSTU SINNI Á TÓNLEIKANA EN HANN HÆTTI NÝLEGA Í LEAVES.



EYÞÓR ER GRIMMUR BAKVIÐ BARNLEGU YFIRBRAGÐIÐ.



HALLUR HALLS Í LEAVES MUNDAR BASSANN AF FAGMENNSKU.



TELEPATHETICS ERU LÍKLEGIR TIL AFREKA Í FRAMTÍÐINI.



BERA EKKI MEÐ SÉR AÐ HAFNA MISST EINN MEDLIM.



NÓI GÓÐUR Á TROMMUNUM.



ARNAR GÓÐUR.



KÆRUSTUPARIÐ JARA OG NÓI TÓKU SAMAN EITT LAG EFTIR HANA.



ANDRI VAR DULUR Á HLJÓMBORÐINU.



JARA VAR KRÚTTLEG Á SVIÐINU.



HAFÐI ÖLL TÆKNIATRIÐI Á HREINU.

# Sádama Reykjavík

ANTHONY SPILAR Á ÍSLANDI ÖÐRU SINNI UM HELGINA

## KONA FÖST Í KARLMANNSLÍKAMA ANTHONY Á KLAKANN UM HELGINA

BARN Í DAG EN HLAKKAR TIL AÐ VERÐA  
KONA ÞEGAR HANN VERÐUR STÓR

Síðasta sumar komu Antony and The Johnsons til landsins og héldu tónleika á skemmtistaðnum Nasa sem gengu vonum framár. Uppselt var á tónleikana á „no time“, eins og maður segir á bransamálinu. Núna um helgina ætla þeir Antony og Jónssynirnir að gleðja þá sem komust ekki á þá tónleika (þar á meðal undirritaðan blaðamann) og munu halda tvenna tónleika í Fríkirkjunni, á laugardag og sunnudag. Undirritaður er mjög ánægður með að hafa tryggt sér miða í tíma og hlakkar mikið til að sjá þetta einstaka band sem á sér enga hliðstæðu. En um þessar mundir eru þeir að klára tónleikaferðina vegna plötunnar „I'm A Bird Now“, og verður Reykjavík síðasti viðkomustaður þeirra.

### TREGAFULLUR

Textarnir í lögnum eru mjög tregafullir og viðkvæmir og eru skrifaðir af konu sem er föst í karlmannslíkama. Sem sagt söngvaranum auðvitað, Antony. Sem krakki leit hann upp til tónlistarmanna á borð við Marc Almond og Boy George. Sjálfur segir hann að platan Kissing to Be Clever með Culture Club hafi breytt lífi hans. Árið 1990 flutti hann til Stóra eplinsins eða New York eins og það heitir á daglegu máli.

Þar á bæ stofnaði hann kabarettbandið Blacklips en fyrirmyndin hans var persónan sem Isabella Rossellini lék í mynd Davids Lynch, Blue Velvet.

### TÚRAÐI MEÐ LOU REED

Til að gera langa sögu stutta stofnaði hann hljómsveitina Antony and The Johnsons og gaf út plötu undir því hljómsveitarnafni árið 2000. Árið 2003 túraði hann með Lou Reed sem bakkrödd áður en hann hófst handa við plötuna „I'm A Bird Now“ sem hann er að kynna núna. Platan vann til bresku Mercury-tónlistarverðlaunanna fyrir alls ekki svo löngu síðan og mótmæltu ýmsir því þar sem platan var unnin í New York en ekki á Englandi. En Antony verður á klakanum um helgina með nýjan trommuleikara en þegar þeir byrjuðu á tónleikaferðalaginu voru þeir með engan slíkan. Þegar þetta er skrifað eru ennþá einhverjir miðar lausir á báða tónleikana en takmarkað framboð er á miðum. Dýrustu miðarnir kosta 5.100 krónur en ódýrustu eru á 3.900 krónur. Undirritaður blaðamaður verður allavega mjög hress á sunnudags-tónleikunum. Þið getið bókað það.

-ÓHÓ

# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS**

## SKEMMTIÐIR FÖSTUDAGUR 9. DESEMBER



### GAUKUR Á STÖNG

Hljómsveitin Brain Police mun rokka húsið eins og þeim er einum lagið ásamt Jeff Who og Jan Mayen. Þetta verða alvörurokktónleikar get ég sko sagt þér.

### ELVIS-BÚÐIN

Stórbandið Reykjavík! mun spila nokkur hress lög í Elvis-búðinni kl.18.00 Elvisbúðin er staðsett á Vatnsstíg 3

### PRIKIÐ

Idolið verður sýnt á risaskjá og eftir það mun blauta malbikið Danni Deluxe spila allt það ferskasta í hiphopinu á Prikinu. Allir íslensku „thugzararnir“ verða hressir með gin í djús á kantinum.



### BAR 11

Hljómsveitin Nilfisk verður rokkandi á Ellefunni og eftir það mun Dj Palli stíga á stökk og vera megahress.

### CAFÉ VICTOR

IDOL partí og trúbador til miðnættis. Eftir það mun Dj Jón Gestur rokka húsið og gera allt brjálað.



### SÓLON

Það verður léttur föstudagur á Sólon. Tilboð á léttvíni til miðnættis og þá mun Dj Brynjar mæta á efri hæðina og þeyta skífum.

### THORVALDSEN BAR

Hlynur Megamix mun mæta með diskóstuðið á Thorvaldsen. Diskósmellirnir lengi lifi á Thorvaldsen.



### BAR 22

Gulli sem er kenndur við Ósóma-búðina mun spila hressandi tónlist fram á rauða nótt.

### CAFÉ ÓLIVER

Dj B-Bjarki mun mæta á Óliver og gera allt vitlaust.

### VEGAMÓT

Skvísur allra landsmanna Erna og Ellen eða E&E Crew eins og þær kalla sig stundum verða hressar á Vegó í kvöld.

### GALLERÍ HUMAR OG FRÆGD/SMEKKLEYSA PLÖTUBÚÐ

Ljúfingurinn Þórir (My Summer as a Salvation Soldier) ætlað að heiðra fólk með nærveru sinni með því að taka nokkur lög af nýjustu plötunni sinni kl. 18.00. Aðgangur er ókeypis.



### GRAND ROKK

Pub Quiz verður stundvíslega klukkan 17.30. Spyrellinn verður Ævar Örn Jósepsson og seinna um kvöldið munu Reykjavík!, Ben Frost og Hairdoctor halda massatónleika og munu Nýhilmenn kynna nýtt efni frá skáldaklíkunn. Þetta ætti að verða yfirgengilegt og hressi í próflestrinum.



### HVERFISBARINN

Dj Stef verður hress í búrinu á Hvebbanum. Hann mun massa eitthvað gott R&B fyrir sætar stelpur og sæta stráka.

### VÉLSMIÐJAN

Vélsmiðjan á Akureyri kynnir með stolti hljómsveitina Úlfarnir sem mun örugglega koma með urrandi gott prógramm til að gera allt vitlaust.

### HRESSÓ

Hljómsveitin MÁT verður hress á Hressó frá kl. 22 til 01 og eftir það mun Dj Maggi taka við á dansgólfinu.

## LAUGARDAGUR 10. DESEMBER



### GAUKUR Á STÖNG

Hljómsveitin Sign mun halda tónleika á Gauknum og að sjálfsgöðu verður massastuð. Hvað annað?

### STÚDENTAKJALLARINN

Bang Gang með tónleika ásamt Worm is Green. Einungis 70 miðar til sölu en stúdentar fá afslátt. Þetta er sjaldséður viðburður þannig að Sirkus mælir með því að plögga sér miða sem fyrst.



### KLÚBBURINN

Það er enginn annar en óskabarn þjóðarinnar, hann Geirmundur Valtýsson, sem mun skemmta sér og öðrum á Klúbbnum við Gullinbrú.



### NASA

Stórhljómsveitin Stjórnin mun taka sína klassísku hittara fyrir gesti Nasa. Þetta verður stórdansleikur eins og þeim í Stjórninni er einum lagið. Allir saman nú „Eitt lag enn, ekta sveiflur og hér...“

## VÉLSMIÐJAN

Vélsmiðjan á Akureyri kynnir með stolti hljómsveitina Úlfarnir sem mun örugglega koma með urrandi gott prógram til að gera allt vitlaust.



## ELVIS-BÚÐIN

Suzy og Elvis munu spila í búðinni kl. 14.00. Það er um að gera að kaupa sér flott föt og hlusta á þau.

## SÓLON

Dj Jón Atli verður á neðri hæðinni með groove-tónlistina á meðan Dj Brynjar Már verður hress á efri hæðinni.



## SJALLINN

Það eru engir aðrir en góðvinir okkar í Hjálumum sem ætla að láta Akureyringa komast í sólskinsskap. Með þeim verða Forgotten Lores og Dj Gísli Galdur.

## THORVALDSEN BAR

Hlynur Megamix verður andskoti hress á Thorvaldsen. Hann er kominn í jólskap og spilar alla helstu hittarana og mun láta rassana hristast.

## CAFÉ VICTOR

Dj Gunní mun spila alla hittarana á honum Viktori eftir miðnætti.



## BAR 11

Krummi úr hljómsveitinni Mínus mun spila á Ellefunni. Kannski kíkja strákarnir í Mínusbandinu á hann. Hver veit?

## FRÍKIRKJAN

Antony and The Johnsons eru núna að klára síðari helming hlómleikaferðar sinnar í tengslum við útgáfu plötunnar „I Am a Bird Now“. Núna er bandið búið að bæta við trommuleikara en í byrjun hlómleikaferðarinnar höfðu þau engan. Ef þið eruð heppin gætu ennþá verið miðar lausir á [www.miði.is](http://www.miði.is) en þeir rjúka út eins og heitar lummur og fjöldi miða er takmarkaður.

## BEGGABAR

Trúbadorinn Hilmar T verður að spila á Beggabar til klukkan þrjú um nóttina eins og honum er einum lagið. Aliir á Beggann.

## BAR 22

Palli úr hljómsveitinni Maus ætlar að gera allt brjálað á Tuttugu og tveimur.



## CAFÉ ÓLIVER

Óliver mælir með því að taka fram dansdressin því að S & E verða eiturrhressir að spila á Óliver.

## HVERFISBARINN

Dj Stef, sem þýðir Stærra Typpi En Flestir, mun spila hressa tónlist á Hverfisbarnum fyrir djammþyrsta gesti.

## HRESSÓ

Djammíð byrjar snemma á Hressó þar sem skemmtibandið FÖNN mun spila frá kl. 22 til 01 og eftir það mun Dj Maggi taka völdin á dansgólfinu.

## GRAND ROKK

Nine Eleven verða með tónleika ásamt hljómsveitinni Rass. Allir saman nú „BURT MEÐ KVÓTANN“.



## VEGAMÓT

Gullfoss & Geysir verða hressir á kantinum á Vegamótunum.

## SUNNUDAGUR 11. DESEMBER

### FRÍKIRKJAN

Antony and The Johnsons eru núna að klára síðari helming hlómleikaferðar sinnar í tengslum við útgáfu plötunnar „I Am a Bird Now“. Núna er bandið búið að bæta við trommuleikara en í byrjun hlómleikaferðarinnar höfðu þau engan. Ef þið eruð heppin gætu ennþá verið miðar lausir á [www.miði.is](http://www.miði.is) en þeir rjúka út eins og heitar lummur og miðar eru takmörkuðu upplagi.

## MIDVIKUDAGUR 14. DESEMBER



## ÍSLENSKA ÓPERAN

Það hlaut að koma að því. Daníel Ágúst Haraldsson verður með útgáfutónleika í Íslensku óperunni til að fylgja eftir nýútkominni plötu sem heitir Swallowed a Star. Ásamt Daníel verða Mr. Silla og hljómsveitin Rass að spila.

## GAUKUR Á STÖNG

Hljómsveitin Touch spilar á Gauknum og kynnir efni sitt fyrir hlómleikagesti.

## FIMMTUDAGUR 15. DESEMBER



## NASA

Það verða stórtónleikar á Nasa. „Lineupið“ er hvorki meira né minna en Mugison, Hjálmar og Trabant.

## GAUKUR Á STÖNG

Það verður Soul Tribute á Gauknum í kvöld. Allir sálrunnendur sameinist!

## HRESSÓ

Trúbadorinn Hermann mun taka nokkra slagara á Hressingarskálanum.

## SÓLON

Fimmtudagarnir eru grænir á Sólon. Dj Andrés mun spila og það er tilboð á Carlsberg. Allt að ske á Sólon.

## GRAND ROKK

Það verður David Bowie -ribute á Grandinum í kvöld. Eitthvað sem sannur Bowie-aðdáandi ætlar ekki að missa af.

## BAR 11

Hljómsveitin Nilfisk mun vera með „önplöggað stöff“ á Ellefunni.

# Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

## LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 9. DESEMBER



### WOYZECK Í BORGARLEIKHÚSINU

Nick Cave sér um tónlistina í þessu leikriti sem er að gera góða hluti í Borgarleikhúsinu. Sýningin hefst kl. 20.00.

### JÓLAÆVINTÝRI HUGLEIKS Í TJARNARBÍÓI

Gamanleikur með söng og dans fyrir alla fjölskylduna. Sýningin byrjar klukkan 20 og miðar renna út eins og heitar lummur.



### ÉG ER MÍN EIGIN KONA.

Hilmar Snær er sín eigin kona í leikriti sem hefur slegið í gegn. Sýningin hefst klukkan átta í Iðnó sem eins og allir vita er við Tjörnina.



### SÖNGLEIKURINN UM NÍNU OG GEIRA

Söngsýningin Nína og Geiri hefur slegið öll met á Broadway undanfarnar helgar. Þessi söng- og dansleikur er byggður upp á söngferli Björgvins Halldórssonar og að sýningunni lokinni mun hljómsveitin Á móti sól slá upp heljarinnar sveitaballi á Broadway.

## LAUGARDAGUR 10. DESEMBER

### PRJÁR SYSTUR.

Þetta leikrit eftir Tsjekhov er ástríðufullt verk um ungt fólk í leit að hamingju og ást. Það er Nemendaleikhúsið sem setur verkið á svið og verður aðeins sýnt í desember í Borgó.



### HALLDÓR Í HOLLYWOOD

Halldór Laxness fer til Hollywood að skrifa. Mun hann meika það? Skemmtileg dans- og sönggrevia og það spillir ekki fyrir að sagan er meistaraverk. Þetta er allra síðasta sýningin á þessu leikriti í Þjóðleikhúsinu.

### JÓLAÆVINTÝRI HUGLEIKS

Gamanleikur með söng og dans fyrir alla fjölskylduna. Sýningin byrjar klukkan 16 í Tjarnarbíói og miðar renna út eins og heitar lummur.

### HIMNARÍKI

Himnaríki eftir Árna Ibsen verður sýnt klukkan 20 í Hafnarfjarðarleikhúsinu og gerist á tveimur sviðum. Áhorfendur fá að sjá sýninguna frá tveimur sjónarhornum, hvorn hlutann fyrir og eftir hlé og varpar það nýju sjónarhorni á söguna. Annars vegar er það inni í sumar-bústað og hins vegar á sólpalli bústaðarins. Bráðfyndið leikrit.

### SÖNGLEIKURINN UM NÍNU OG GEIRA

Söngsýningin Nína og Geiri hefur slegið öll met á Broadway undanfarnar helgar. Þessi söng- og dansleikur er byggður upp á söngferli Björgvins Halldórssonar og að sýningunni lokinni mun hljómsveitin Á móti sól slá upp heljarinnar sveitaballi á Broadway.

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA? JÓLASTAFFADJAMM

„Ætli ég taki ekki bara rólega á föstudagskvöldinu,“ segir Carmen Jóhannsdóttir, eigandi bú-arinnar Ígulkers. „Við vorum nú bara rétt í þessu að ákveða rosa-legt jólastaffadjamm Sítt að aftan og Ígulkers sem verður haldið á laugardagskvöldinu. En ef ég myndi nú fara eitthvert út á föstudagskvöldinu yrðu tónleikarnir á Grand Rokki fyrir valinu, þar sem Reykjavík, Ben Frost og Hairdoctor munu spila fyrir hressa gesti.“



Carmen Jóhannsdóttir, eigandi verslunarinnar Ígulkers

## Á PRAVDA ALLA HELGINA

„Ég og kærastinn minn erum að fara að spila á Pravda alla helgina,“ segir Kristín Ýr Bjarnadóttir söngkona og fótboltastúlka. „Þetta er eiginlega í fyrsta sinn sem við plötusnúðumst svona formlega saman, við erum að vinna alls kyns verkefni saman og þá undir nafninu Snooze, sú tónlist sem við spilum er bara skemmtilegt RnB.“

Kristín Ýr Bjarnadóttir, fótboltastelpa í Val og söngkona í Igore



## FER NORÐUR TIL AÐ SPILA

„Ég verð á Norðurlandinu alla helgina,“ segir Gísli Galdur Þorgeirsson, sem er í dag einn af okkar færustu plötusnúðum. „Ég er að fara til Akureyrar með hljómsveitinni Forgotten Lores. Á föstudagskvöldinu mun ég plötusnúðast ásamt Benna B-ruff á Kaffi Amor, svo er það skemmtistaðurinn Sjallinn á laugardagskvöldinu þar sem ég mun spila ásamt Forgotten Lores en við munum einmitt spila á undan þeim flottu piltum í Hjalnum,“ segir Gísli Galdur. „Við vonum að Akureyringar taki þeim opnum örmum enda gulldrengir þar á ferð, kannski þeir skelli sér allir á snjóbretti og sýni listir sínar.“

Gísli Galdur tónlistarmaður



## JÓLAGLEÐI KRAMHÚSSINS.

Dans, söngur og gleði verður á jólagleði Kramhússins í Borgarleikhúsinu. Dyrnar opna klukkan átta og skemmtunin hefst kl. 20.30. Miðaverð 1.800 krónur.

## LEITIN AÐ JÓLUNUM

Tvær sýningar verða á þessu leikriti, ein kl. 13.00 og önnur kl. 14.15 í Leikhúskjallaranum. Þetta er leikrit fyrir alla fjölskylduna þar sem leitinni að jólunum eru gerð góð skil. Það er uppselt á þessar sýningar en ekki örvænta, það verða fleiri sýningar.

## SUNNUDAGUR 11. DESEMBER



## LÍFSINS TRÉ

Nýja Ísland mun rísa þegar Lífsins tré verður sett á svið Borgarleikhússins í kvöld. Þetta er lokasýningin á leikritinu.

## KALLI Á ÞAKINU.

Sveppi er Kalli í þessari bráðskemmtilegri barnasýningu. Kalli verður í Borgarleikhúsinu kl. 14.

## EDITH PIAF

Edith lifnar við og lifir í Þjóðleikhúsinu og er þetta allra síðasta sýningin í Þjóðleikhúsinu. Brynhildur er hreinlega að verða Edith, svo tilkomumikil er sýningin.



## SALKA VALKA

Eins og við komumst að í Halldóri í Hollywood er Salka Valka verkið sem fleytti Laxness frá því að vera efnilegasti rithöfundur þjóðarinnar yfir í að vera sá besti. Leikritið er sýnt í Borgarleikhúsinu.


## PELUHJÓL

Í Borgarleikhúsinu hefur leikhópurinn Perlan haft aðstöðu til æfinga og sýninga og núna ætla þau að halda jólasýningu á Stóra Sviðinu. Leikritið í ár er úr Jólasveina-sögu Bergljótar Arnalds. Aðeins þessa eina sýningu.

## SÝNINGAR

### ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Björg Þorsteinsdóttir verður sýningu á verkunum sínum til áramóta.



### GALLERÍ BOX

Sýning Jóns Sæmundar á verkum hans stendur yfir til 18. desember. Galleríð er opið fim. til lau. frá kl.14 til 17.



### NÝLISTASAFNIÐ

Snorri Ásmundsson er með sýninguna „Retrospective“ í Nýló. Á sýningunni mun Snorri gera upp feril sinn sem myndlistarmaður og ber þar ýmislegt á góma. Sýningin mun standa til 19. desember næstkomandi og er Nýlistasafnið opið frá miðvikudegi til sunnudags frá 13 til 17.



### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN

Bernd Koberling er með sýningu til 22. janúar og einnig yfirlitssýningin Maðurinn og Efnið. Sú sýning verður til áramóta.



### RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR

Helga Birgisdóttir er með málverkasýningu sem standa mun til áramóta.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Guðrún Vera Hjartardóttir verður með sýningu til 30. desember. Erró er þar líka með sína sýningu og mun hún standa til 23. apríl.

### ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN

Sýning verður á verkum Brynjólfs Sveinssonar til áramóta. Opið er frá kl. 9 til 20.

### GALLERÍ I8

Þór Vigfússon verður með sýningu til 23. desember.

### LISTASAFN ÍSLANDS

Ný íslensk myndlist II – Um rými og frásögn. Þetta er sýning á verkum 13 íslenskra samtímalistamanna og stendur hún yfir til 12. febrúar 2006

### CAFÉ BABALU

Claudia er með sýninguna „Even if tomorrow is not granted, I plant my tree“. Café Babalu er á Skólavörðustígi 22.

### GALLERÍ SÆVARIS KARLS

Sex myndlistakonur eru með samsýningu í Gallerí Sævars Karls út desember. Hrund Jóhannesdóttir, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, Kolbrá Bragadóttir, Kristín Helga Káradóttir, Margrét M. Norðdahl og Ólöf Björg Björnsdóttir.

### HALLGRÍMSKIRKJA

Til febrúarloka verða Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir með sýningu þar.

### HANDVERK OG HÖNNUN

Allir munu víst fá eitthvað fallegt í Handverk og Hönnun, Aðalstræti 12. 39 aðilar munu sýna íslenskt handverk og listiðnað úr fjölbreyttu hræfni. Sýningin stendur yfir til 20. desember. Aðgangur ókeypis.



### SMEKKLEYSA PLÖTUBÚÐ – HUMAR EDA FRÆGD

Jólasýning Lóu og Hulla er eka myndlistarsýning með sönnu jólaþema. Stelpurnar eru af krúttkynslóðinni og eru hressir myndasöguhöfundar sem krotu á veggi.

### ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Það er allt að ske þar á bæ. Huldukonur í íslenskri myndlist verður í Bogasal til 28. maí. Ljósmyndir Marco Paoluzzo eru í Myndasal og einnig ljósmyndir Péturs Thomsen til 20. febrúar.

# SIGGI ÁSTFANGINN Á SVÆÐINU

SIGURÐUR „GÓÐAN DAGINN OG GAMAN AÐ SJÁ  
PIG Á SVÆÐINU“ PÉTURSSON VERÐUR FERTUGUR  
Á NÆSTA ÁRI OG ÆTLAR TIL KANARÍ.

Sigurður Pétursson er líklega frægasti ófrægi maður Reykjavíkurborgar, ef svo má að orði komast. Sigurður, sem jafnan er kallaður Soggi Pé, Soggi Víkingur eða Soggi á svæðinu, er þroskaheftur en hefur aldrei látið það aftra sér. Hann þekkja allir sundlaugagestir, knattspyrnuáhugamenn og göngufólk. Ætla má að enginn gangi jafn mikið að jafnaði og Sigurður, en hann ténir upp dósir og flöskur í frítíma sínum. Sigurður starfar hjá Brimborg hálfan daginn við þríf á bílum en kemur svo heim í hádegismat, fer þaðan í sund og svo á vit ævintýranna á tveimur jafnfljótum, þangað til hann skilar sér heim í kvöldmat um hálf sjö.

Sigurður býður í ofvæni eftir nýju ári því hann verður fertugur þann 12. mars. „Ég hlakka mikið til. Stefnan er að fara til Kanarí með mömmu og pabba,“ segir Sigurður.

## RÓMANTÍSKIR GÖNGUTÚRAR OG SUNDFERÐIR

Sigurður var lengi vel einhleypur en hefur nú verið með sömu stúlkunni í rúm sjö

ár. „Hún heitir Guðrún Jóna og býr í efra Breiðholti, hún er sex árum yngri en ég, 33 ára. Við erum mjög ástfangin og höfum verið saman frá því í júní 1998.“

*Hvað gerir þið svona ykkur til skemmtunar, farið þið í bíó?* „Nei sambandið er nú ekki komið svo langt. Þess í stað förum við mikið í göngutúra og í sund þegar við getum.“

## ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 1983

Sigurður var afreksmaður í frjálsum íþróttum á sínum yngri árum en eftir að hann sleit liðbönd í hnéi einbeitti hann sér alfarið að sundþjóttinni. Árið 1983 var hann valinn íþróttamaður ársins hjá Íþróttablaðinu (sem valdi íþróttamann ársins þegar það var og hét). Sigurður sló alls 63 Íslandsmet í sínum þroskaflokki í öllum sundtegundum, allt frá baksundi til bringusunds.

## GAMAN AÐ SJÁ PIG Á SVÆÐINU

Sigurður er þó þekktastur fyrir að hafa

sótt nánast alla Víkingsleiki undanfarin tuttugu ár. Hann er málkunnugur flestum knattspyrnuáhugamönnum og heilsar þeim öllum á sama hátt, „góðan daginn og gaman að sjá þig á svæðinu“ eða „góða kvöldið...“ eftir því sem við á. „Þetta hefur verið mín kveðja í gegnum tíðina,“ segir Sigurður, sem hefur einnig brennandi áhuga á tónlist en saknar þó ABBA og Hljóma sem eru hans uppáhaldshljóm-sveitir.

Fyrir komandi borgastjórnkosningar sem fram fara næsta vor hefur Sigurður ekki gert upp hug sinn en segist þó líklega vera vinstri maður. „Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, er í miklu uppáhaldi. Ég hitti hann oft í sundi og spjalla við hann. En líklega er þó enginn betri en Steingrímur Hermannsson, fyrrum forsætisráðherra. Hann er alveg frábær, alveg ótrúlega skemmtilegur.“

Eitthvað að lokum Soggi? „Já já. Áfram Víkingur.“

Hjörvar Hafliðason

SIGURÐUR BROSMILDUR AÐ VENJU.

# JÓLIN ERU AÐ KOMA. HJABBÍ FOKKING JEY!

Jæja, núna er án efa leiðinlegasti tími ársins að renna í garð, andskotans jólin. Og ekki gefa mér einhver skít að það megi ekki segja neitt neikvætt um jólin, látið kork í ykkur. Það er bara ekkert flóknara en það að þetta er leiðinlegasti tíminn á árinu. Okey, viljið þið vita afhverju?

Íslendingar eru þroskaheftir undir stýri, en þegar jólagæðsýkin er komin í gang þá fyrst fer umferðin til helvítis. Það er ekki nema 9. desember en samt tók það mig 39 mínútur að keyra í gegnum Smáránn í Kópavogi. Allir verslandi í stóra jónssyninum.

Ég ákvað síðan að heilsa upp á félagi sem vinnur í Smáralindinni og nota tækifærið og athuga hvort jólagæðsýkin sé komin í fólk. Það fyrsta sem ég sá var að gömul kona gaf svona 35 ára gömlum gæja olnboga í andlitid til þess að komast þrepi neðar í rúllustiganum. Síðan var fólk troðandi sér og óskrandi í einhverri jólagæðveilu! Ég leit líka á einn öryggisvörðinn sem var að vinna þarna og ég HEYRDI kollvikin á honum hækka af stressi.

Síðan er náttúrulega einn mesti höfuðverkurinn að kaupa

allar jólagjafirnar. Það er fint að fá jólagjafir en það blæs að gefa þær. Það sagði einhver dickhead einhverntímann: „Sælla er að gefa en þiggja.“ Það er ágætis hestasaur! Hvort er skemmtilegra að GEFA Playstation2 eða FÁ Playstation2... hummmm.

Afhverju er ekki einhver rasshaus sem vinnur við það að kaupa jólagjafir fyrir þig? Ég er tilbúinn að fleygja monni í einhverri pappakassa sem nennir að kaupa jólagjafir fyrir mig. Ég er líka skynsama týpan, vakna klukkan 11:30 á aðfangadag og á eftir að versla allar gjafirnar. En ég vinn reyndar best undir pressu þannig að það hentar mér ágætlega.

En það versta við jólagjafirnar er ekki að kaupa þær, það er að pakka helvítun-

um. Það er sama hvað ég reyni oft að pakka þessu töff og snyrtilega, það lítur alltaf út eins og að þú hafir rétt 3ja mánaða apa jólapappír og sagt við hann: „Pakkaðu þessu helvítid þitt, STRAX, hefur tvær mínútur, ég er að taka tím-

ann!“ Og það er sama hvað ég horfi oft á kellingar gera þetta, og þeim finnst þetta alltaf svo rooosalega auðvelt. Horfðu bara á mig, gerir bara svona, og síðan svona og svona og þá er þetta komið!

Geturðu þá ekki bara andskotast til að gera þetta fyrir mig fyrst þetta er svona auðvelt!!!

En án efa það

versta við jólin eru þessi jólalög sem eru gjörsamlega að gera mig gráherðan. Ég sver það að ef ég heyrir eitt jólalag í viðbót með Jónsa í Svörtum Hönskum þá treð ég hausnum á mér upp í rassgatið á mér og SÍÐAN hengi ég mig. Getur einhver nefnt eitt gott íslenskt jólalag? Er einhver þarna úti sem finnst íslenskt jólalög virkilega skemmtileg, er sá vitfirrti einstaklingur til?

Mér finnst eiginlega í allri þessari jólagæðsýki að ég sé fastur í sérstökum jólapætti af það var lagið með Hemma Gunn. Hvert sem ég fer líður mér eins og allir séu þurkaðir í kringum mig.

Ég skal lofa ykkur því að það kemur sérstakur það var lagið jólapáttur þar sem allir þessi hæfileikalaus íslensku ömurlegu „söngvarar“ koma og syngja jólalag brosandí og hlæjandi. Hemmi, þú ert flottur gæi og allt það, þú heldur með United og ég ber virðingu fyrir því. En þátturinn þinn má samt sápuþvo á mér rassgatið.

Það eina jákvæða við jólin er jólaklósettþátturinn. Það er hægt að skeina sér með honum. **Sææælar, Gillz.**




GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8-10 101 REYKJAVÍK 5340005

# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

ER **LENGSTI** DVD DISKUR SEM GEFINN HEFUR VERIÐ ÚT Á ÍSLANDI



**SAMTALS  
TÆPLEGA 4 KLST.  
AF FRÁBÆRU  
GRÍNI OG  
GLENSI.**

## 160 MÍNÚTUR AF **AUKAEFNI**

Brot úr Extreme sýningunni (30 mín) • Brot úr Stöðvar 2 sýningu í Iðnó (11 mín) • Sjónvarpsauglýsingarnar (2 mín)  
Baksviðs í viðtölum, þ.á.m. hjá Strákunum (27 mín) • Brot úr landsbyggðarsýningum (15 mín) • 5 skólar heimsóttir (18 mín)  
Brot af því besta frá sýningum á Broadway í september 2004 (57 mín) • Ljósmyndasafn



Splunkuný og áður óséð heimildarmynd um ótrúleg ævintýri fyndnasta gríndávalds heims á Íslandi. Brot af því besta úr sýningum hans hérlandis og viðtöl við fjölmarga Íslendinga sem tekið hafa þátt í sýningunum, um hvernig lífsreynsla það er að verða að stjörnu, koldáleidd uppi á sviði fyrir framan fjölda fólks. Auk þess yfir tveir tímar af krassandi og áður óséðu aukaefni.



**FÁANLEGUR Í VERSLUNUM BT UM LAND ALLT.**

★ event

# GOLDIE LOOKIN CHAIN



Á NASA, FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 10. FEBRÚAR  
MIÐASALA HEFST 15. DESEMBER!

**X**  
97.7

**HVAÐ:** Goldie Lookin Chain - Tónleikar **HVAR:** Á Nasa við Austurvöll

**HVENÆR:** Föstudagskvöldið 10. febrúar 2006

**MIÐASALA:** Í verslunum Skifunnar í Reykjavík, í verslunum BT á Akureyri og Selfossi og á Event.is **MIÐAVERÐ:** Aðeins 3.700 + miðagjald.

*ATH: Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:

**mid.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:

**www.event.is**

# Vodafone live!



Hringitónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun



## SETTU TÓNINN

VELDU HRINGITÓNINN ÞINN

Í VODAFONE LIVE SÍMANUM ÞÍNUM.

Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga. Smelltu hér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) eða farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og

vodafone

Heyrumst!